

Grafarós og Hofsós

Fornleifaskráning



Katrín Gunnarsdóttir
febrúar 2001
Byggðasafn Skagfirðinga

5



Efnisyfirlit

| | bls. |
|--|------|
| Formáli | 2 |
| Varðveisla fornminja | 2 |
| Sögulegt yfirlit | 3 |
| Gröf/ <i>Grafarós</i> , fornleifar | 11 |
| Hofsós | 23 |
| Fornleifaskrá | 86 |
| Niðurstöður | 89 |
| Fylgiskjal 1 - staðsetning svæðis | 91 |
| Fylgiskjal 2 - <i>Grafarós</i> , yfirlitskort | 92 |
| Fylgiskjal 3 - Hofsós, syðri hluti, yfirlitskort | 93 |
| Fylgiskjal 4 - Hofsós, nyrðri hluti, yfirlitskort. | 94 |
| Fylgiskjal 5 - Hofsós, Plássið og þar um kring, yfirlitskort | 95 |
| Fylgiskjal 6 - Brekka, túnakort 1917 | 96 |
| Fylgiskjal 7 - Naust, túnakort 1917 | 97 |

Forsíðumyndin er af sjóvarnargarði við Naust, norðan Hofsóss. Horft í austur. Fremst á mynd er stuðlaberg, þá er sjóvarnargarðurinn, og efst er torfhleðsla, sem er við húsið á Naustum. Hleðslan var hlaðin sumarið 2000.

Ljósmynd Katrín Gunnarsdóttir 2000.

Formáli

5700 Skagafjörður - Grafarós og Hofsós 110 fornleifar skráðar.

Fornleifaskráning þessi var gerð í Grafarósi í júlí 2000 og í janúar- febrúar 2001, og í Hofsósi frá júlí 2000 – febrúar 2001.

Svæðið í Grafarósi sem fornleifaskráningin var gerð á, takmarkast af Grafarósnum og þeim húsatóftum og hleðslum sem þar er að finna, ásamt tveimur tóftum sem eru neðan og norðan við brekkuna þar sem troðningurinn liggur um í Grafarós.

Á Hofsósi takmarkast skráningarsvæðið í suður við syðri bakka Grafarár, upp að þjóðveginum í austur. Í norður við landamerki Nausta og Þönglaskála og þaðan í austur upp að þjóðvegi. Þjóðvegurinn markar eystri mörk skráningarsvæðisins og sjórinn hin vestari. Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð á þessum svæðum áður.

Skráðar voru þær fornleifar sem eru enn sjáanlegar, ásamt stöðum þar sem vitneskja er um minjar og eiga heima í skrá þessari. Hús þau sem skráð voru, voru byggð á tímabilinu 1773 - 1920. Skráðar voru samtals 11 fornminjar í og við Grafarós. Á Hofsósi voru skráðar 99 fornminjar.

Alls voru gerðir 28 uppdættir þar af 11 í Grafarósi og 17 á Hofsósi, eru þeir í þessari skýrslu og teknar 51 ljósmyndir í lit, og fylgja 17 í þessari skýrslu, hinar eru varðveittar á Byggðasafni Skagfirðinga Glaumbæ. Aðrar myndir sem eru í skýrslunni, eru merktar eigendum sínum, og eru 11 talsins.

Við skráninguna var stuðst við:

Ritaðar heimildir.

Túnakort fyrir Brekku frá 1917.

Túnakort fyrir Naust frá 1917.

Loftmynd, af Grafarósi og Hofsósi frá ágúst 1997 í mælikvarða 1:4000. Loftmyndir ehf..

Viðtal, leiðsögn og uppdættir, Jakob Einarsson f. 1928, Brekku Hofsósi.

Viðtal og leiðsögn, Hjálmar Sigmarsson f. 1919 og kona hans Guðrún Hjálmarsdóttir f. 1928, Hólkoti.

Viðtal og leiðsögn, Hjalti Gíslason f. 1930 og kona hans Maren Sveinbjörnsdóttir f. 1923, Kárastíg 7, Hofsósi.

Viðtal, Friðbjörn Þórhallsson f. 1919, Kirkjugötu 3, Hofsósi.

Viðtal, Dóra Þorsteinsdóttir, f. 1944, Bókasafni Skagfirðinga.

Viðtal, Gunnar Baldvinsson, f. 1925 Blesugróf 40, Reykjavík.

Viðtal, Hjalti Pálsson f. 1947 ritari, Byggðasögu Skagfirðinga.

Viðtal, Rósmundur G. Ingvarsson, f. 1930, Varmahlíð.

Viðtal, Steinunn Ágústsdóttir, f. 1909 í Grafarósi, nú á sjúkrahúsi Sauðárkróks.

Viðtal, Sigríður Sigurðardóttir Byggðasafni Skagfirðinga.

Viðtal, Valgeir Þorvaldsson Vesturfarastrinu í Hofsósi.

Margvísleg aðstoð frá Unnari R. Ingvarssyni, sagnfræðingi, Skjalasafni Skagfirðinga.

Þeim er öllum þökkud ómetanleg aðstoð við þessa skráningu.

Skráninguna vann Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur, Byggðasafni Skagfirðinga.

Varðveisla fornminja

Tilgangur Þjóðminjalaga nr. 88/1989 er m.a. að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar, þar á meðal fornleifa. Í 16. gr. laganna er eftirfarandi skilgreining á fornleifum:

16. gr. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. Byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 - b. Vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - c. Gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - d. Gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e. Virki og skansar og önnur varnarmannvirki; þjóðminjalög. 1. gr. l. nr. 88/1989.
 - f. Gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - g. Áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
 - h. Haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i. Skipsflök eða hlutar úr þeim.
1. Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 18.gr.

Þjóðminjalögin leggja landeigendum, ábúendum og framkvæmdaaðilum nokkrar skyldur á herðar til verndar fornleifum og er þeirra getið í 17., 19., 20. og 21. grein laganna.

17.gr.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.

19. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera Þjóðminjasafni Íslands viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af manna völdum. Þjóðminjasafn ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gerðar til verndar fornleifunum.

20. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

21. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið.

Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundu leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

Stutt sögulegt ágríp.

Grafarós/Gröf

Grafaróss er getið í Íslendingasögunum, en hét þá Deildararós, þar segir svo í “Þóris þátr hats ok Bárðar birtu”:

2: Frá Sýnum Bárðar birtu ok Skarfs skímu.

Þórir ok Hallbera áttu einn son er Bárðr hét. Hann var fríðr sýnum ok efniligr, ok þá hann var vaxinn kom hann sér vel ok var hugljúfi hvers manns. Hann var hagr vel á skipa smíði ok húsa. Faðir hans lét hann smíða skip niðr við Deildararós, sem nú er kallaður *Grafarós*

(Íslendingasögur bls. 355. Íslendingaútgáfa RV 1947.)

Í Jarða og Búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958

segir að Grafarland nái vestan frá sjó áleiðis til fjalla til móts við Stafnshólsland í Deildardal. Að sunnan er Miðhúsaland, að norðan land Grafargerðis. Auk þess á Gröf hina fornu verslunarlóð Grafarhöfða við *Grafarós*.

Jarða og Búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958, 4. Hefti bls. 45.:
Sögufélag Skagfirðinga -1959

Grafarós er talin með jörðinni Gröf, þó það sé ekki talið meðal jarða, eins og segir í Jarðatali Johnsens frá 1847 Bls. 269

Saga verslunar í Grafarósi, á sér ekki langa sögu, hún er sett á fót 1935 og stendur til 1915.

Í riti Sögufélags Skagfirðinga er sagt frá upphafi verslunar í Grafararósi:

Er einokun var lögleidd 1602 var öllum Skagfirðingum gert að skyldu að versla á Hofsósi. Má nærra geta hvílíkt óhagræði það hefur verið t.d. bændum á Skaga sem voru vanir að höndla við kaupmenn í Höfðakaupstað, en þangað var tiltölulega greiðfært eftir ýmsum vegum yfir Skagaheiði. Einokuninni var aflétt með tilskipun árið 1787, er tók gildi 1. janúar 1788 en engu að síður var Hafsteensverslun á Hofsósi lengi vel eina verslunin í héraðinu, og var bændum og búaliði meinilla við hana. Um 1830 fara lausakaupmenn að sigla upp Hofsá, og var úr því mikið málstapp, sem endaði með því að hafin var verslun í *Grafarósi*. Á einokunartímum og fram undir 1825 sóttu því langflestir Skagfirðingar verslun til Hofsós. Er því augljóst mál að þangað lágu leiðir mikils fjölda manna, og af heimildum má ráða að nokkuð var unnið við vegi í grennd kaupstaðarins.

Skagfirðingabók, Rit Sögufélags Skagfirðinga, nr. 8 1977:

Samgöngur í Skagafirði 1874 – 1904 eftir Sölva Sveinsson. Bls. 70 – 72.

Í Jarða og Búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958 segir að svo um fyrstu verslunarlóðir sem mældar voru út í Grafarósi:

Árið 1752 keypti Gröf Jón Konráðsson þá bóndi í Bæ á Höfðaströnd. Hann og hans niðjar sátu í Gröf fram um aldamót 1900. *Árið 1835 var útmæld verslunarlóð í Grafarlandi. Stóðu verslunarhúsin á tanganum sem myndast við sjóinn, þar sem Grafará fellur til sjávar*

Jarða og Búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958, 4. Hefti bls. 46.:
Sögufélag Skagfirðinga -1959

Þá er sagt frá húsakosti í Grafarósi í sóknarlýsingu frá 1839, gerða af séra Páli Erlendssyni.:

Kauptún: Hofsós. Þar eru fimm timburhús. *Grafarós* þar eru tvö dto. Þetta svar hlífi ég mér við að orðlengja framar.

Sóknarlýsingar, Miklabæjar og Hofssóknir. Bls. 140 frá 1839.

Í Skagfirzrum annál 1847-1947 er rakin saga verslunar og annara atburða í Grafarósi m.a. leiksýninga sem eiga sér þar stað:

- 1852 Um sumarið: Bröderne Jacobsen í Höfða keyptu Grafarósverzlun.
 - 1854 Júní, lausakaupmaður kom á Grafaós.
 - 1854 Um haustið, hausthöndlun í Grafaósi engin, nema hvað fjártaka var mikil, en ekki flutt út.
 - 1855 16. maí, Grafarósskipið kom
 - 1859 Desember, leiksýningar fóru fram í Grafaósi í nóvember eða desember, en ekkert er vitað um hvað var leikið eða af hverjum, en fullvíst má telja að verzlunarfólk í plássinu jafnvel í báðum Ósunum hafi staðið fyrir sýningunum sem trúlega hafa ekki verið ætlaðar almenningi. Í Hofsósi var þá hálfur þriðji tugur fullorðinna, en í Grafarósi sex manns.
 - 1860 Um sumarið, Jacobsensbræður í Grafósi urðu gjaldþrota. Óráðið var um sinn hvort framhald yrði á verzlun þar, þótt eignir fyrirtækisins byðust við vægu verði.
 - 1861 Um sumarið, Henderson & Anderson keyptu Grafarós. “Enska verzlunin” hófst.
 - 1862. 13. sept., Brotnuðu í ofviðri fjórir bátar í Grafarósi og bryggja.
 - 1862 Í september, það var nýlunda að Henderssonsverslun í Grafarósi keypti 300 sauði á fæti fyrstu teljandi sauðakaup Breta hérlendis. Féð var rekið til Reykjavíkur “til að slátrast þar og sjóðast niður á dósir sem lax eða fiskur” Skagfirðingar væntu mikils af sauða- og hrossasölu næstu árin
 - 1868 Henderssons “enska verzlunun” í Grafarós varð gjaldþrota
 - 1884 Hótel Tindastóll reist á Sauðárkróki. Húsið stóð áður í *Grafarósi*, reist þar á fjórða eða sjötta áratug aldarinnar. Það var flutt sjóveg í flekum til Sauðárkróks. Halldór Stefánsson frá Víðimýri keypti það og gerðist hótelstjóri.
 - 1915 Grafarósverslun sem starfað hafði frá og með árinu 1835, var lögð niður og hús öll rifin, viðurinn fluttur til Hofsóss, svo og vörubirgðir. Húsin voru endurreist þar og þangað fluttist verslunarstjórinn Erlendur Pálsson og starfslið hans.
- Skagfirzkrur annáll 1847-1947. bls. 26, 32, 33,38, 59, 63,65, 71, 94,186, 339, 371. Kristmundur Bjarnason,1998

Þó Grafarósverslunin hafi ekki verið lögð niður fyrr en árið 1915, segir í Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen á ferð hans um Norðurland í júní 1896:

Á Grafarósi er nú engin verzlun, en aftur er verzlun á Kolkuósi.

Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen IV. Bls. 41

Í Afkomendaskrá hjónanna Sigfúsar Hannessonar (23.07. 1874- 27.03.1946)
bónda í Gröf á Höfðaströnd og konu hans Jónínu Önnu Jósafatsdóttur (26.02.1879-
12.04.1941) er sögulegt yfirlit yfir ábúendur að Gröf allt
frá því að Þórður hastur reisti sér fyrstur bú að Gröf. Þar segir svo:

Talið er að Þórir hastur hafi fyrstur reist sér bú að Gröf. Átti hann að fá
Grafarland með konu sinni Hallberu dóttur Þorfinns stafs á Stafshóli.
Þórður gerðist umfangsmaður mikill og byggði stóran bæ og sterka í Gröf.
Er sagt að hann hafi verið vel virður. Við búi eftir Þóri tók sonur hans
Bárður birta. Hann tók kristna trú og reisti kirkju í Gröf. Bárður var
vinsæll enda sagður ör á fé. [Íslendingasögur: Þóris þáttur hats ok Bárðar
birtu. Íslendingaútgáfan Reykjavík 1947, bls. 353-354, innsk. K.G.] Á
Sturlungaöld kringum 1240 bjó í Gröf mektarbóndi Álfur Guðmundsson.
Lítt er vitað um eigendur eða ábúendur í Gröf frá þeim tíma til 1525, en þá á
Hólastóll jörðina. 1563 kaupir Sigríður Sigurðardóttir Gröf af Hólastól á 60
hundruð í skiptum fyrir jarðirnar Lund og Þrastastaði í Stíflu. 1584 kaupir
Guðbrandur biskup Þorláksson Gröf. Um það leyti er Guðbrandur biskup
eignast Gröf býr þar Guðmundur Hallgrímsson föðurbróðir hans og síðar
taka þar við búi þeir Hallgrímur og Pétur synir Guðmundar.
Þegar Skúli Magnússon sýslumaður kvongaðist Steinunni Bjarnadóttir árið
1738 setti hann bú í Gröf og bjó þar til 1741 að hann flytur á eignajörð sína
Stóru- Akra.

Afkomendaskrá hjónanna Sigfúsar Hannessonar f. 23.07 1874- 27.031946 bónda í
Gröf á Höfðaströnd og kona hans Jónína Anna Jósafatsdóttir 2602 1879-12.04
1941, í júní 1986

Til er brunabótamat á húsi Þórðar Kristjánssonar í Grafarósi frá árinu 1900.
Það kemur ekki fram hvar hús þetta hefur staðið. En þannig er lýsingin:

Til er brunabótamat á húsi Þórðar Kristjánssonar í Grafarósi sem er
sagt "íveruhús hans" Húsið ekki fullsmíðað að innan, en þar er sagt
15 álnir á lengd og 6 álnir á breidd og lofthæð undir bita 3 ¼, og frá
bita til mænis 2 ¾ alin, húsið er gólflagt í 10 álnum, og loft í því öllu
sundur þiljað í 4 verustaði, í 2 stofur, eldhús og forstofu, önnur
stofan er þiljuð og pappalögð, og eldhús og forstofa þiljuð, en suður
stofa óþiljuð gluggar eru 6 undir lofti og 2 uppá lofti. Húsið er með
pappabaki á þéttlögðu borðasúð. Múrpípa er í húsinu. Húsið er
byggt úr timbri, á vesturhlið og norðurstofu og suðurstofu, fyrir
ofan bita er torfveggur við austurhlið. Kjallari er undir húsinu 5 x 5,
á hæð 2 ½ alin. Húsið stendur á grunni úr grjóti 1 ¼ alin háum að
meðaltali. Hús þetta er fast við torfíveruhús að sunnan en langt frá
öðrum húsum. Húsið hæfilega virt á 800.00 krónur.

Gert í Grafarósi 22. desember 1900.
Heimild: Hsk. 23 fol.

Í syrpum Björn í bæ er eftirfarandi frásögn úr Grafarósi um
Stefán á Skuggabjörgum:

Stefán Sigurjónsson frá Skuggabjörgum f. 4/11 1874 alinn
upp í Grafargerði. Björn Jónsson ritar eftir honum
eftirfarandi;

Fyrsta sinn er Stefán sá dansað var í Grafarósi, þá kominn undir fermingu. Voru þar gefin saman brúðhjón. Spilað var á einfalda harrmonikku og var mikið sungið með. Borið var rommpúns í stórri tarinu (skál), og bollar hafðir til að drekka úr.
Heimild: Björn Jónsson hreppstjóri á Bæ. 3. bók. bls 1-5, Hsk. 2130 4,to

Þótt verslun hafi lagst af í Grafarósi 1915, var þó búið þar áfram um nokkurra ára skeið. Steinunn Ágústsdóttur, er fædd árið 1909 í Grafarósi bjó með foreldrum sínum í Hallgrímshúsi til ársins 1915-16, og að sögn hennar bjuggu gömul hjón áfram í torfkofa, sem var sjávarmegin, í einhver ár eftir að þau fluttu burt. Þau hétu, Hólmfríður og Árni, og hefur hann líklega stundað sjó.
Eftir að byggð lagðist af í Grafarósi voru hlaðin upp fjárhús í tóftum húsana sem flutt voru burt frá Grafarósi, og hafa hleðslur og /eða undirstöður sem fyrir voru nýst við byggingu fjárhúsanna. En við Grafarós var góð fjörubeit.

Hofsós

Siglingar til Skagafjarðar með varning á sér langa sögu allt frá því að Englendingar fóru að sigla hingað til lands á 15. og 16 öld.

Um það segir svo, í enskum heimildum:

Englendingar hafa stundað veiðar og verslun allt í kringum landið, þótt íslensk staðarnöfn séu ekki fjölskrúðug í heimildum um siglingar þeirra út hingað á 15. og 16 öld þá kemur Skagafjörður þar snemma við sögu.

Enskar Heimildir um Sögu Íslendinga á 15. og 16 öld, bls. 94

Þegar svo Þjóðverjar fara að stunda siglingar hingað og verslun á 16. öld er Kolbeinsárós talin með höfnum, en jafnframt því er Hofsós talin með aðalhöfnum á Íslandi.

Í bókinni Einokunarverslun Dana á Íslandi bls. 291 segir svo um verslunina á Hofsósi:

Meðan að Þjóðverjar ráku verslun í Skagafirði, komu þeir að jafnaði skipun sínum í Kolbeinsárós og hélst það nokkuð fram eftir 16. öldinni og um aldamótin 1600 er Kolbeinsárós enn talinn með höfnum á Íslandi, en *Hofsós* var þó um þær mundir orðinn aðalhöfnin og var ein um hituna úr því höfnin þótti fremur viðsjál og urðu skipin oft að varpa akkerum og skilja þau eftir er þau létu úr höfn, en skipstjón voru þó fremur fátíð. Kaupstaðurinn stóð við ósinn og í Hofslandi, eins og nafnið bendir til, og greiddu kaupmenn eiganda jarðarinnar búðartoll og það orðlaust að því er virðist þangað til konungsverslunin hófst. Vildi kaupmaður þá skjóta sér undan því, en amtmaður úrskurðaði, að tollurinn skyldi greiðast refjalaust sem að undanfögnu, því það væri eigi ætlun konungs eða stjórnar að gengið væri á rétt nokkurs manns, þó konungur ætti nú hlut að máli. Tuttugu árum seinna þóttist Ólafur Stefánsson amtmaður, er þá átti Hof á Höfðaströnd, verða fyrir spjöllum af versluninni og úrskurðaði stjórnin, að honum skyldi greiddar árl. 5 spesíur fyrir usla og átrodning og mun það hafa þótt hár búðartollur í þá daga. Kaupsviðið tók að orði kveðnu yfir alla Skagafjarðarsýslu, og voru þar um aldamótin 1700, 481 fjölskylda og 3240 manns að meðtöldum Siglfirðingum, er þó áttu að réttu lagi verslunarsókn til Akureyrar.

Í Dómsmálabók Héraðsþings Hofsóskaupstaðar frá 21.febrúar 1787, er tekið fyrir eldsvoðamál í Hofsóskaupstað að beiðni verslunarstjóra hr. Stiesens að rannsaka eldsvoða og skaða verslunarinnar er skeði 13. febrúar þ.á. Eldurinn kom uppí svonefndri Beykisbúð, og voru vitni tilkölluð. Eldsupptök ókunn, en lykla af búðinni hafði beykirinn Peter Andersen. Eldurinn kom upp um miðju hússins fyrir dyrum á gólfinu. Húsið brann mest að sunnanverðu, neðan bita og 2 göt í loftið, en að norðanverðu var brotið burtu plankverkið sem var á milli krambúðarinnar og Beykisbúðarinnar og á hana sjálfa var brotið gat, en 2 brennivínstunnur, 2 eikartunnur, 6 strábandstunnur eyðilögðust þarna inni. Vitni voru sammála, og engar aðrar upplýsingar komu fram, málinu því lokið.

Heimild: Dómsmálabók Héraðsþings Hofsós Anno 1787.

Úrdráttur KG úr handskrifaðri endurritun, ritari óþekktur.

Ekki kemur fram í dómsmálinu hvar Beygisbúð hefur staðið en ætla má að hún hafi staðið á svæðinu í kringum Pakkhúsið, en þar hefur verið athafnasvæði kaupmannana í Hofsósi.

Með einokunarversluninni var öllum Skagfirðingum gert að skyldu að versla á Hofsósi, þegar svo einokunarversluninni lauk 1788 var Hafsteensverslun á Hofsósi lengi vel eina verslunin í héraðinu, og hvernig það leiddi til að verslun hófst í Grafarósi, þannig er greint frá því í grein sem heitir “ Samgöngur í Skagafirði 1874 – 1904 eftir Sölva Sveinsson.

Hofsós sem verslunarstaður og upphaf verslunar í Grafarósi.

Er einokun var lögleidd 1602 var öllum Skagfirðingum gert að skyldu að versla á Hofsósi. Má nærra geta hvílíkt óhagræði það hefur verið t.d. bændum á Skaga sem voru vanir að höndla við kaupmenn í Höfðakaupstað, en þangað var tiltölulega greiðfært eftir ýmsum vegum yfir Skagaheiði. Einokuninni var aflétt með tilskipun árið 1787, er tók gildi 1. janúar 1788 en engu að síður var Hafsteensverslun á Hofsósi lengi vel eina verslunin í héraðinu, og var bændum og búaliði meinilla við hana. Um 1830 fara lausakaupmenn að sigla upp Hofsá, og var úr því mikið málstapp, sem endaði með því að hafin var verslun í Grafarósi. Á einokunartímum og fram undir 1825 sóttu því langflestir Skagfirðingar verslun til Hofsós. Er því augljóst mál að þangað lágu leiðir mikils fjölda manna, og af heimildum má ráða að nokkuð var unnið við vegi í grennd kaupstaðarins.

Skagfirðingabók, Rit Sölufélags Skagfirðinga, nr. 8 1977:

Samgöngur í Skagafirði 1874 – 1904 eftir Sölva Sveinsson. Bls. 70 – 72.

Lýsingu á höfninni í Hofsós og aðkomu að henni frá sjó er lýst í ferðabók Olavíusar frá 1775-1777:

Höfnin.

Hin alkunna Hofsós höfn sem verzlunarskipin sigla árlega til, er fyrir neðan bæinn Hof í Hofssókn. Hún er opin fyrir öllum vindáttum frá SV til NA, en gegn öðrum áttum er henni skýlt af svonefndri Nöf, og meginlandinu. Dýpið þar sem norðaustur akkerinu er venjulega varpað, er 12-14 faðmar, en 15-17 faðmar þar sem suðvesturakkerinu er varpað. Botninn er úr mjúkum og lausum leir og skiljasandi og er hann hallandi. Sagt er að hvassast verði hér í suðvestanveðrum. Auk þessa stafar höfninni hætta af hafís, sem venjulega rekur inn vestanverðan fjörðinn, en út með

austurströndinni, og valda því straumar. Fjöldi akkera sem höggvin hafa verið frá skipum fyrr og síðar liggur þar á botninum, og er sagt að þau geri höfnina ótrygga og muni ef til vill gera hana ónothæfa, með tímanum ef að þau verði ekki tekin. Uppskipunarsvæðið er allillt sakir hinna sífelli breytinga sem að eru á Hofsánni. En allt um þetta þekkjust þess fá dæmi, að skipum hafi borizt á í höfninni.”

Ferðabók Olavíusar, ferðabók frá 1775-1777, I bindi bls. 329-330.

Í sóknarlýsingu frá 1839, gerða af séra Páli Erlendssyni. Lýsir hann kaupúnninu Hofsós á þessa leið:

Hofsós. Þar eru fimm timburhús. Grafarós þar eru tvö dto. Þetta svar hlífi ég mér við að orðlengja framur.

Þó að verslun hafi verið stunduð frá *Hofsósi* var útræði þaðan líka, og gerir séra Páll því líka skil;

Veiðiskapur:

Útræði mest héðan er frá *Hofsósi*, Naustum og Þönglaskála

Þar er líka sagt frá að hafnir séu við *Hofsós*, Grafarós

Sóknarlýsingar, Miklabæjar og Hofssóknir. Bls.134 139 140 frá 1839.

Í júlí árið 1862 koma þrír breskir fuglaskoðarar með Methu (“Mettu”) skipi H: Clausen til Hofsós og urðu veðurteptir í rúma viku, einn ferðalangana S.W. Shepherd lýsir staðnum svo:

“Þar eru tvö eða þrjú íbúðarhús og nokkrar vöruskemmur. Húsin lykja um garð og standa þétt saman, örfáa faðma frá sjónum. Clausen hafði enga verslun þarna en Metha var með vörur þangað.

Skagfirzkur annáll 1847-1947. Fyrra bindi bls. 70. Kristmundur Bjarnason.

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er

Verslunarstaðurinn Hofsós ekki talin jörð, en er talin með heimajörðinni Hofi, og þess getið að 1802 sé “fyrir yfírgang af hestum sé frá verslunarstaðnum Hofsósi sem hér stendur á lóðinni goldnir 20-rd. árlega.”

Jarðatal Johnsens frá 1847. Bls. 269


Í Héraðslýsingu frá 1930 segir svo um Hofsós.

En standa á Hofsósi hús frá einokunaröldinni, tjöргуð rishá og veggla. Eru veggirnir hlaðnir úr trjám. Aðrar minjar þessara tíma eru götur í sævarbakka, sendna og harða tugum saman hver við aðra. Þá sótti allt Skagafjarðarhérað verslun sína að Hofsós og hefir eflaust margur fátækur með þungum huga troðið götur þær.- Nú er lítil verslun og lítið þorp á Hofsós.


Land og Lýður, Drög til íslenskra Héraðslýsinga 1930 Útgefin 1933.Bls. 116,

Gröf/Grafarós, fornleifar

Í landi Grafar/Grafaróss voru skráðar 11 minjar á vettvangi, nr. 1-11.



Mynd 1. Grafarós, horft til suðurs, númerin á myndinni höfða til þeirra staða sem eru í fornminjaskránni hér á eftir.
Ljósmynd K.G. í júlí 2000



Mynd 2. Flatarteiking, tóft 1 og 2. Teikning K.G. sept. 2000

1

- Tegund minja:** Tóft/ 1
Hlutverk: Íshús
Landareign: Gröf/ við Grafarós
Lega: N: 65°53275 V: 19°23875
Staðhættir: Undir brekku, þar sem troðningurinn liggur fyrir ofan þegar farið er í Grafaós.
Lýsing: Tóftin er 6 x 5 m. Suðurveggur tóftarinnar er hlaðinn upp að brekku, og er um 1.45 m á hæð og 2 m á lengd, aðrir veggir tóftarinnar eru grasi grónir og liggja inn á gólf tóftarinnar, þannig að það er ekki stórt, veggjaþykktin er um 3 m, og veggjahæð um 0.5 m. Inngangur í tóftina í norður.
Aðrar upplýsingar: Þarna var geymsla fyrir beitu, snjó var safnað á veturna og hann síðan geymdur. Veggir voru hafðir mjög þykkir, svo snjórinn bráðnaði ekki, og íshúsið byggt á móti norðri undir hárra brekku þannig að á það skini sem minnst sól.
Hættumat: Engin hætta.
Heimild: Viðtal við Gunnar Baldvinsson í janúar 2001
 Staðsetning sjá fylgiskjal 2

2

- Tegund minja:** Tóft/ 2
Hlutverk: Bjóðgeymsla
Landareign: Gröf/ við Grafarós
Lega: N: 65°53275 V: 19°23875
Staðhættir: Undir brekku, þar sem farið er yfir í Grafaróshöfðann I
Lýsing: Tóftin er 6 x 5, veggjaþykkt 1-2 m, veggjahæð allt að 0.7 m. Tóftin er opin til norðurs, en einnig má sjá móta fyrir dyrum á austurhlið tóftarinnar sem vísar út að tóft 1.1, og er um 0.5 m yfir í hana.

Aðrar upplýsingar: Þegar búið var að beita voru bjóðin geymd í þessu húsi, þangað til að róa átti.

Hættumat: Engin hættu.

Heimild: Viðtal við Gunnar Baldvinsson í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 2



Mynd 3. Verslunarstaðurinn Grafarósi laust fyrir aldamótin 1900


Myndin í eigu HSk.

Heimildum ber ekki saman um hlutverk hússins sem er lengst til vinstri á myndinni. Að sögn Gunnars Baldvinssonar hefur þetta verið verslunarhús, en að sögn Steinunnar Ágústsdóttur var það notað sem þvottahús verslunarstjórans Erlendar Pálssonar, og Guðbjargar konu hans.

Þá kemur Faktorshúsið bústaður Erlendar og Guðbjargar, en þar fyrir framan er Birgðaskemman og Svarta pakkhúsið er lengst til hægri, en börnin í Grafarósi voru mjög hrædd við að fara fram hjá því eftir að fór að skyggja. Á bak við Birgðaskemmuna og Svarta pakkhúsið sést í stafn á húsi sem var kallað Hallgrímshús, Hallgrímur þessi vann á skrifstofu factorsins. Þarna bjuggu foreldrar Steinunnar, ásamt öðrum hjónum, sem hétu Stefán og Pálína. Árið 1915-16, fluttu svo foreldrar Steinunnar á Hofsóss þá var húsið rífið. Steinunn var þá 5. ára. (Sjá lýsingu á Hallgrímshúsi nr. 3)

Upplýsingar þessar eru unnar upp úr viðtali við Steinunni Ágústsdóttur í júlí 2000.

Og viðtali við Gunnar Baldvinsson í janúar 2001.



Mynd 4. Flatarteikning, tóft 3. Teikning K.G. sept. 2000

3

Tegund minja: Tóft/hleðsla/ 3
Hlutverk: Heimili
Landareign: Gröf/Grafarós
Sérheiti: Hallgrímshús
Lega: N: 65°53345 V: 19°23906
Staðhættir: Tóftin er efst og syðst í Grafarósnum
Lýsing: Tóftin er 7 x 5 m, veggjahæð um 2 m, veggir eru að mestu úr steini og hefur hrunið úr þeim inn að miðju tófarinnar, þannig að gólfhlöturinn er aðeins um 3 - 4 x 1.5 m. Inngangur er við hornið á norð-vestur hlið tóftarinnar. Þetta er líklega kjallari.

Aðrar upplýsingar: Virðingar og matsgjörðir vegna bruna, allt úr förum Tómasar Gíslasonar kaupmanns á Sauðárkróki, umboðsmanns Ny danske Brandforsikrings Selskab. Grafarós, 1901:31/8

Hallgrímshús Grafarósi:

Árið 1901 dag 31. ágúst vorum við undirskrifaðir til staðar í Grafarósi – samkvæmt útnefningu og skipun sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu með bréfi dag. 13 þ.m. til þess að lýsa og virða húseign hr. verslunarmanns Hallgríms Tómassonar, þar á staðnum til veðtekningar og tryggingar á láni því sem hann ætlaði að fá úr veðdeild landsbankans í Reykjavík, og lýsing og virðing á húsi þessu sem hér á eftir greinir:

Húsið er byggt úr timbri og er á lengd 10 alin, á breidd 9 al.

Hæð undir loft er 3 ½ ál. Og 1 ál. Þvert þar fyrir ofan, fá lofti til hanabita 3 ½ ál. Frá hanabita til mænis 8 þuml.

Í suðurenda hússins niðri eru 2 herbergi annað 6 ál, 3 ½ ál. breitt, hitt 6 ál. langt og 5 ál breitt. Í norðurenda hússins er eldhús 5 ál. langt og 3 ½ al. breitt; búr 3 ½ x 1 ¾ ál. og forstofa 3 ½ x 1 ¾ al. Uppi á lofti er en óinnréttað.

Inngangar eru 2 í húsið annar í forstofu, hinn í eldhús.


Gluggar í húsinu eru 6 niðri með 4 rúðum hver á stærð ca. 20 þuml x 10 þ. Uppi á lofti er 1 gluggi á suðurstafni af sömu stærð og 2 á norðurstafni lítið minni.

Húsið er allt steyp t með cementsteypu í bindingi til lofts og þar innaná tjörupappi við innanþiljur. Inni í húsinu niðri eru 4 dyraumbúningar, með skrálæstum hurðum. Þak á húsinu eru einföldum borðum og pappi lagt þar yfir. Grunnur undir húsinu er steinlímdu r, á hæð að utan að meðaltali 1 ½ ál. Kjallari er undir húsinu einnig steinlímdu r 8 ál. langsum og 7 ál. breiður, 3 ál. hár með 2 gluggum og útidyrum, frá gólfi hans og 1 ½ ál. uppúr mæni gengur múrpípa steinlímdu r og ganga í hana rör úr ofni og eldavél, er á gólfi hússins standa. Þess skal getið að klæðning utan á húsinu er ferniseruð utan og bikað innan.

Samkvæmt ofanritaðri lýsingu virðist okkur hús þetta hæfilega virt á Kr. 1800.00- átján hundruð krónur.

Um 3 m fyrir ofan tóftina í suður er L-laga hleðsla sem er 13 x 5 m, hleðsluhæð um 1 m
Sjá mynd af Hallgrímshúsi á bls. 14

Hættumat: Friðlýst frá 1964
Heimild: Viðtal við Gunnar Baldvinsson í janúar 2001.
Staðsetning sjá fylgiskjal 2




Mynd 5. Flatarteikning, tóft 4. Teikning K.G. sept. 2000

4

Tegund minja: Tóft/ 4
Hlutverk: Fjárhús
Landareign: Gröf
Sérheiti: Grafarós
Lega: N: 65°53346 V: 19°23911
Staðhættir: Tóftin er um það bil á miðju svæðinu.
Lýsing: Tóftin er 10 x 6 m, hleðsluhæð um 1.7 m, veggþykkt um 1 m. Tóftin er eitt rými með dyr á vesturhliðinni á sitt hvorum enda. Upp með tóftinni að sunnan er smá tröðningur, við vesturhlið tófarinnar er rými 9 x 3 m og er það opið til norðurs.

Aðrar upplýsingar: Fjánhúsið, er byggt eftir að byggð legst af í Grafarós (1915) og er því líklega byggt á tóftum húss sem staðið hefur þarna áður.
Hættumat: Friðlýst frá 1964
Heimild: Viðtal við Gunnar Baldvinsson í janúar 2001
 Staðsetning sjá fylgiskjal 2



Mynd 6. Flatarteikning, tóft 5. Teikning K.G. sept. 2000

5

Tegund minja: Tóft/ 5
Hlutverk: Fjánhús
Landareign: Gröf/Grafarós
Lega: N: 65°53346 V: 19°23914
Staðhættir: Tóftin er vestast og neðst í Grafarósnum.
Lýsing: Tóftin er grasi gróin, skiptist í þrjú rými. Nyrsta rýmið er tvískipt og er innri hluti þess er 1 m hærra en það fremra. Það sést móta fyrir inngangi í fremra hólfið frá norðri.
 Tóftin er opin til vesturs.

Aðrar upplýsingar: Fjánhúsið, er byggt eftir að byggð legst af í Grafarós (1915) og er því líklega byggt á tóftum húss sem staðið hefur þarna áður.
 Frá syðsta hluta tófarinnar, gengur hlaðin L-laga veggur 4 x 4 m í suður –vestur.


Hættumat: Friðlýst frá 1964
Heimild: Viðtal við Gunnar Baldvinsson í janúar 2001
 Staðsetning sjá fylgiskjal 2




Mynd 7. Steinaröð undirstöður húss, horft í suð-vestur. Ljós. K.G. sept. 2000

6

Tegund minja: Steinaröð/ 6
Hlutverk: Undirstöður húss.
Landareign: Gröf/Grafarós
Sérheiti: Svarta Pakkhúsið
Lega: N: 65°53362 V: 19°23934
Staðhættir: Neðst og vestast í Grafarósnum við árósin.
Lýsing: Steinar (sórt stuðlaberg) sem er L-laga 4 x 5 steinarnir eru að mestu grasi vaxnir.
Aðrar upplýsingar: Þetta er mjög líklega undirstöður Svarta Pakkhússins, sjá mynd á bls. 14
Hættumat: Friðlýst frá 1964
Heimild: Viðtal við Steinunni Ágústsdóttir í júlí 2000
Viðtal við Gunnar Baldvinsson í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 2



Mynd 8. Flatarteikning, steinahleðsla nr. 6. Teikn. K.G. sept. 2000



Mynd 9. Flatarteikning, steinahleðsla nr. 7. Teikn. K.G. sept. 2000

7

Tegund minja: Hleðsla/ 7
Hlutverk: Undirstöður/húss
Landareign: Gröf/Grafarós
Sérheiti: Birgðaskemma
Lega: N: 65°53363 V: 19°23924


Staðhættir: Hleðslan er nyrst og neðst í Grafarós plássinu, í smá halla niður á sléttlendi, rétt við suðurbakka Grafarár

Lýsing: Hleðslan er L-laga, nokkuð óljós, suður-norður, um 5-6 m, og austur vestur um 6-7 m, hleðsluhæð um 0.4 m

Aðrar upplýsingar: Þetta er mjög líklega undirstöður Birgðaskemmu, sjá mynd á bls 14

Hættumat: Friðlýst 1964

Heimild: Viðtal við Steinunni Ágústsdóttir í júlí 2000
Viðtal við Gunnar Baldvinsson í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 2



Mynd 10. Flatarteiking, steinahleðsla nr. 8. Teikn. K.G. sept. 2000

8

Tegund minja: Hleðsla/ 8

Hlutverk: Undirstöður/húss

Landareign: Gröf/Grafarós

Sérheiti: Verslunarhús/ eða þvottahús

Lega: N: 65°53364 V: 19°23916

Staðhættir: Hleðsla þessi er nyrst í Grafarósi,

Lýsing: Hleðslan er L-laga um 6 x 4-5 m, hleðsluhæð um 0.6 m, og liggur eins og stallur inn í brekkuna.

Aðrar upplýsingar: Heimildum ber ekki saman um hlutverk þessa húss, að sögn Steinunnar Ágústsdóttur var þarna þvottahús Erlendar Pálssonar, en Gunnar Baldvinsson telur að þarna hafi verið verslunarhús Erlendar. Sjá mynd á bls. 14

Hættumat Friðlýst frá 1964

Heimild: Viðtal við Steinunni Ágústsdóttir í júlí 2000
Viðtal við Gunnar Baldvinsson í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 2



Mynd 11. Hleðslur í tóft nr. 9, séð í norð-austur horn tóftarinnar, sést móta fyrir gluggaholum í hleðslunum. Ljós. K.G. júlí 2000

9

Tegund minja: Tóft/hleðsla / 9

Hlutverk: Heimili

Landareign: Gröf/Grafarós

Sérheiti: Faktorshús

Lega: N: 65°53361 V: 19°23908


Staðhættir: Rétt fyrir ofan árósin, aðeins austan til.

Lýsing: Tóftin er 9 x 10, hleðsluhæð um 1.7 m, veggjaþykkt 1 – 2 m. Tóftin er nokkuð hrunin, hún er tvískipt, nyrðri hluti hennar er opin til vesturs, það sést móta fyrir gluggum á vestur- og austurhlið. Í syðri hluta tóftarinnar hefur hrunið grjótt úr veggjunum niður í gólf tóftarinnar, og ekki sést móta fyrir dyrum í hana, eða opi á milli tóftanna, við suður hlið er L-laga hleðsla, stallur, grót hleðsla er í miðjum stallinum.


Aðrar upplýsingar: Faktorshúsið, þar bjó Erlendur Pálsson og kona hans Guðbjörg ásamt börnum, sjá mynd á bls. 14.

Hættumat: Friðlýst frá 1964

Heimild: Viðtal við Steinunni Ágústsdóttir í júlí 2000
Viðtal við Gunnar Baldvinsson í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 2




Mynd 12. Flatarteikning, hleðsla nr. 9, Teikn. K.G. sept. 2000



Mynd 13. Flatarteikning, hleðsla nr. 10. Teikn. K.G. sept. 2000

10

- Tegund minja:** Tóft/hleðsla/ 10
- Hlutverk:** Heimili
- Landareign:** Gröf/Grafarós
- Lega:** N: 65°53354 V: 19°23901
- Staðhættir:** Er 4 m í suð-austur frá tóft 1.4.
- Lýsing:** Tóftin er skeifulaga opin til vesturs, grasi gróin, 4-5 x 6-7 m, hleðsluhæð um 1.7 m veggjapykkt 1-2 m. Leifar af skorsteini (múrþípu) sjást við suðurhlið.
- Aðrar upplýsingar:** Þetta var smá bær, sem var ein stofa með eldunaraðstöðu. Bæjardyr voru í austur. Þarna bjó Jón Árnason ásamt konu sinni. Bærinn hefur líklega byggður eftir 1915. Trúlega á tóftum sem þarna hafa verið fyrir.
- Hættumat:** Friðlýst frá 1964
- Heimild:** Viðtal við Gunnar Baldvinsson í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 2



Mynd 14. Flatarteikning, tóft nr. 11. Teikn. K.G. sept. 2000

11

Tegund minja: Tóft/ hleðsla/ 11

Hlutverk: Fjánhús

Landareign: Gröf/Grafarós

Lega: N: 65°53348 V: 19°23901

Staðhættir: Tóftin er austast og efst í Grafarósnum

Lýsing: Tóftin er að mestu grasi gróin, skiptist í tvö hólf sem hafa dyr í austur, við suð-austur horn tóftarinnar er L-laga hólf sem er opið í vestur, og hægt að ganga úr því yfir í syðri hluta tófarinnar.

Aðrar upplýsingar: Líklegt að fjárhúsið hafi verið hlaðið eftir að byggð lagðist af í Grafarósi.

Hættumat: Friðlýst frá 1964

Heimild: Viðtal við Gunnar Baldvinsson í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 2

Hofsós, fornleifar



Mynd 27. Ljósmynd af Hofsósi um 1910 - 1914 í eigu HSk. Upplýsingar um myndina eru fengnar frá Birni Jónssyni frá Bæ.

1. Faktorshúsið, sjá nr. 35
2. Gamla mjölnhúsið (pakkhús), sjá nr. 64
3. Sölubúðir/ krambúð, sjá nr. 58
4. Síða, hús Halls Einarssonar, sjá nr. 87
5. Skóla- og samkomuhús, sjá nr. 93
6. Árna- og Ástvaldarhús. Húsið Sólvangur stendur þarna núna og hefur líklega verið byggt tveggjahæða hús vestan við eldra húsið. Elsti hluti hússins gæti því verið frá 1910-1914 en þá er að myndin tekin, sjá nr. 96
7. Pöntunarskúrar, sjá nr. 85
8. Pakkhúsið, sjá nr. 82
9. Sjöbúðir og hesthús, sjá nr. 91
10. Hús Kristins Erlendssonar og fjölskyldu. Hefur líklega staðið þar sem húsið Ás er núna, en það var byggt 1920.

Í landi Hofsóss voru skráðar 99 minjar á vettvangi, nr. 12 - 110

12

Tegund minja: Álagablettur/Náttúruminjar
Hlutverk: Álagablettur
Landareign: Hofsós
Staðhættir: Í vestur frá kirkjunni á Hofsósi, niður við sjóinn
Lýsing: Stuðlabergshamar sem er í fjöruborðinu,
Aðrar upplýsingar: Úr erindi sem var flutt af Birni í Bæ 1980:
Áður var því trúað, að í þessum hamri væri sýslumannssetur álfa. Því til sönnunar er saga sú sem hér fer á eftir; Á fyrri tíð þegar aðalverslun Skagfirðinga var í Hofsósi og Grafarósi komu skip af hafi og sigldu inn fjörðinn. Stundum voru skipin þrjú og þegar það var, hvarf skipið sem á undan var fyrir framan stuðlabergshamarinn, en hin skipin hurfu ekki, en komu hvort á sinn stað Hofsós og Grafarós. Þessa sögu sagði mér Pálmi Rögnvaldsson í Hofsósi fyrir tveimur árum.

Heimild: HSk. 1232, Ho.
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

13

Tegund minja: Bústaður/horfinn
Hlutverk: Bústaður
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Árbakki
Lega: N: 65°53964 V: 19°24976
Staðhættir: Rétt austan við Gíslahús sem er næsta hús við Sólvík (Baldurshaga), við árbakkann.
Lýsing: Þarna hefur verið sléttað, en sést þó í einstaka steina sem gætu verið úr hleðslum sem voru undir húsinu sem þarna stóð.
Aðrar upplýsingar: Árbakki var lítið járnklætt timburhús á hlöðnum grunni. Húsið var eldhús og 3 herbergi, hæð og ris, gengið var inn í húsið að sunnan. Þarna bjó Sigmundur Sigmundsson. Húsið var rífið þegar að Norðurbrautin var gerð.
Hættumat: Ekki er vitað um að þarna hafi verið hús á undan Árbakka, virðist lítil hættu þótt jarðrask verði á þessu svæði, en hafa skyldi í huga að þetta svæði liggur mjög nærri þeim stað sem verið hefur aðal athafnastaður verslunarinnar á Hofsósi.
Heimild: Viðtal við Hjálmar Sigmarsson, Hólkoti í september 2000
Viðtal við Jakob Einarsson, Brekku Hofsósi í júlí 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

ÁRTÚN 14-18

Í Jarða- og Búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958 segir svo um Ártún:

var hjáleiga frá Hofi byggð í Hofslandi suður við Grafará. Bærinn stendur í hvammi við Grafará skammt fyrir ofan þar sem hún fellur til sjávar. Ártún er ekki sérmetið, en var talið um 1800 og þar á eftir 11 hundr. að dýrleika. Eftir 1861 var Ártún talið af sýslumanni 8,0 hundruð, árið 1922 er jörðin metin á 16 hundr. kr. Og 1942 á 34 hundruð kr. Árið 1709 er áhöfn á Ártúni talin 3 kýr, 1 kálfur 16 ær, 12 lömb, 2 veturg. sauðir 1 eldri og 3 hross. Ártún hefur verið hluti Hofseignarinnar frá öndverðu til ársins 1950. Árið eftir var jörðin seld Hofsóshreppi og tilheyrir honum Jarða og Búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958, 4 hefti bls. 47. Sögufélag Skagfirðinga 1959.

14

Tegund minja: Hvammur
Hlutverk: Álagablettur
Landareign: Hofsó
Sérheiti: Ártún
Lega: N: 65°53355 V: 19°23666
Staðhættir: Í Litlahvammi sem er suður undan bænum (Ártúni), við ána.
Lýsing: Lítill grasi gróinn hvammur á árbakkanum.
Aðrar upplýsingar: Í Syrpum Björns í Bæ segir svo: Um álagablett í Ártúni. Hvammur all grösugur og blómum skryddur er rétt fyrir ofan brúnna á Grafará. Þar má aldrei slá og liggja þar við óhöpp á fénaði eða slys. Eitt sinn lét Erlendur Pálsson verslunarstjóri í Grafarósi slá hvamminn. Stuttu á eftir var verið að reka kýr hans á beit, en þá datt hún niður dauð og virtist þá vera knúsuð og illa brotin. Annað skipti var byrjað að slá hvamminn aftur en Páll Árnason og Halldóra kona hans ábúendur á Ártúni misstu stuttu seinna datt nitin úr einni kú þeirra og reyndist ekki hægt að koma mjólk í hana aftur. Alltaf ef kýrnar fóru niður í Hvamminn sem var vel grösugur, komu þær strax upp aftur í spretti eins og þær væru reknar.
Hættumat: Helst hætta ef flóð verður í Grafaránni.
Heimild: Syrpur Björns í Bæ á HSk. Bók nr 2
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

15

Tegund minja: Bústaður/horfinn
Hlutverk: Heimili
Landareign: Hofsó
Sérheiti: Ártún
Lega: N: 65°53385 V: 19°23075
Staðhættir: Norðan Grafarár, rétt þegar komið er yfir brúna á leið í Hofsó, á hægri hönd, á smá hóldrugi, grasi vöxnu.
Lýsing: Ekkert sést af húsum þessum. Þau voru rifin og sléttað var á staðnum.
Aðrar upplýsingar: Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns bls. 254

er sagt frá Ártúni sem býli af jörðinni Hofi, og dýrleikin talin með heimajörðinni. Ábúandi Oddur Þorvaldsson, og kvartar hann mjög undan átroðningi kaupstaðarmanna, bæði á túni og högum, Jarðatal Johnsens frá 1847, segir Ártún hjáleigu frá Hofi, og sé það 11 að dýrleika, og 2 kúgildi, bls. 269

Ártún fór í eyði 1969. Síðustu ábúendur þar voru Snorri Jónsson og kona hans Margrét Kristjánsdóttir: Örnefnastofnun. Trausti Fjólmundsson mun hafa verið í Ártúni um tíma eftir að Snorri flutti þaðan. (Jakob Einarsson)

Manntalsþing að Hofi þann 13. júní 1780. Komu fyrir réttinn ábúendur Hofstorfu, þar á meðal Guðmundur á Ártúnum með umkvörtun af átroðningi skemmdum og skaða sumar og vetur sem mætti líða vegna verslunarinnar á Hofsósi (Dómbók 645)

Hættumat:

Þarna hefur verið sléttað, helst hætta ef meira jarðrask verður á svæðinu.

Heimild:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1703-1711 gefin út af hinu Íslenska Fræðarafjelagi í Kaupmannahöfn, níunda bindi 1930.

Jarðatal Johnsens frá 1847.

Örnefnastofnun; Skagafjarðarsýsla Hofsóshreppur Ártún, heimildarmaður: Pála Pálsdóttir f. 1912, búsett í Ártúni um 30 ár.

Skráð af Jóhanni Ólafssyni frá Miðhúsum 1972.

Dómbók Skagafjarðar frá 1780

Viðtal við Jakob Einarsson, Brekku, í okt. 2000

Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 16. Túngarðurinn er fyrir neðan brekkuna, fyrir neðan staurinn sem er til vinstri. Horft í austur. Ljós. K.G. 2000

16

Tegund minja: Túngarður/hleðsla

Hlutverk: Túngarður

Landareign: Hofsós

Sérheiti: Ártún
Lega: N: 65°53417 V: 19°23706
Staðhættir: Norðan Grafarár, rétt þegar komið er yfir brúna á leið í Hofsós.
Lýsing: Garðurinn er L-laga um 140 m á lengd, hleðsluhæð 1.5m, veggjaþykkt 1 – 2 m.
Hættumat: Engin hætta, nema ef framkvæmdir verða á svæðinu.
Heimild: Loftmynd, frá ágúst 1997 í mælikvarða 1:4000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

17

Tegund minja: Hleðsla/tóftarbrot
Hlutverk: Stekkur
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Ártún
Lega: N: 65°53370 V: 19°23597
Staðhættir: Í túninu austur af bæjarstæðinu Ártúni, í þýfi í átt að Grafaránni
Lýsing: Tvær veggjatóftir sem liggja austur – vestur sú stærri er um 3 m á lengd og 2 m á hæð, veggjaþykkt um, 1m, og sú styttri sem byrjar þar sem að hin austari endar er um 1.5 m á lengd og 2 m á hæð veggjaþykkt 1 m, bilið á milli þeirra um 1m
Aðrar upplýsingar: Í örnefnaskrá fyrir Ártún frá 1972, er sagt frá að þarna finnst stekkjARBrot.
Hættumat: Hætta ef jarðrask verður á þessum stað.
Heimild: Örnefnastofnun: Skagafjarðarsýsla Hofsóshreppur; Ártún, Heimildarmaður Pála Pálsdóttir fædd 25. okt 1912, búsett í Ártúni um 30 ára skeið. Jóhann Ólafsson frá Miðhúsum skráði 1972. Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 17. Matjurtagarður fyrir miðri mynd, Grafarós til vinstri, horft í vestur. Ljósmynd. K.G. 2000

18

Tegund minja: Matjurtagarður/hleðsla

Hlutverk: Matjurtagarður

Landareign: Ártún

Lega: N: 65°53313 V: 19°23792


Staðhættir: Vinstra megin við brúna á Grafará, þegar farið er í Hofsós.

Lýsing: Matjurtagarðurinn er á móti suðri. Garðurinn er 30 x 9 m, veggjahæð 1.5, veggjapýkkt um 0.3 m, þar sem hún er mælanleg, annars renna veggir garðsins saman við landslagið umhverfis, suður hlið garðsins er árbakkinn.

Aðrar upplýsingar: Matjurtagarður þessi tilheyrði Ártúni sem var þarna rétt fyrir ofan.

Hættumat: Hætta ef áin flæðir yfir bakka sína, og ef jarðrask verður á svæðinu.

Heimild: Loftmynd, frá ágúst 1997, í mælikvarða 1:4000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 18. Flatarteikning, matjurtagarður. Teikn. K.G. júlí 2000

19

- Tegund minja:** Hús
- Hlutverk:** Heimili/nú veitingastaður
- Landareign:** Hofsó
- Sérheiti:** Baldurshagi/ nú Sólvík/ Vilhelmshús
- Lega:** N: 65°53961 V: 19°25022
- Staðhættir:** Stendur neðst austan megin sneiðingsins þegar farið er niður í Plássið.
- Lýsing:** Timburhús á hlöðnum/steiptum kjallara, og tvær hæðir.
- Aðrar upplýsingar:** Húsið talið vera flutt úr Grafarósi, þó ekki sé nein víska fyrir því. Í kjallara hússins eru loftbitar, sem eru sperrutré úr húsi með skarsúðarþaki. Sæti fyrir súðaborðin sjást vel á bitunum. Þetta eru tré úr eldra húsi. Gískað hefur verið á að þau séu ættuð af þökum húsa í Hofsósi fremur en Grafarósi. Í Greinagerð fyrir deiliskipulag er húsið sagt vera frá árinu 1900. Húsið var endurgert í kringum 1993, og var því þá breytt töluvert. Húsið Baldurshagi/Sólvík hefur líka verið kallað Vilhelmshús eftir Vilhelm Erlendssyni sem bjó í húsinu í Hofsósi.
- Hættumat:** Húsið er byggt árið 1900, en viðir þess gætu verið eldri. Þar sem húsið er 100 ára telst það því fornleif samkvæmt 16. gr. Þjóðminjalaga um skilgreiningu fornleifa, sjá bls. 2-3
- Heimildir:** Sveitafélagið Skagafjörður Deiliskipulag fyrir Plássið, Sandinn, Brekkuna og Bakkann á Hofsósi. Greinagerð október 1999, Arkitektárni. Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku Hofsósi í sept. 2000 Viðtal við Sigríði Sigurðardóttur, Byggðasafni Skagfirðinga í janúar 2000 Staðsetning sjá fylgiskjal 5



Mynd 19. Baldurshagi/Sólvík/Vilhelmshús, loftbitar í kjallara hússins, myndin tekin 1989, þegar viðgerð var að hefjast, myndin tekin frá austri til vesturs. Ljós. Sigríður Sigurðardóttir 1989

BREKKA 20 - 24

20

- Tegund minja:** Hús/ bústaður
Hlutverk: Heimili
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Brekka
Lega: N: 65°53996 V: 1925344
Staðhættir: Uppi á Brekkunni fyrir ofan húsið Sand.
Lýsing: Húsið var byggt 1890, það stendur á eignarlóð, er byggt úr steinsteypu og timbri á tveimur hæðum, gólfplötur er 104 m².
Aðrar upplýsingar: Í Landamerkjaskrá frá 4. júní 1916, er Brekka sagt grasbýli í Hofshreppi.
Brekka mun hafa verið fyrsta timburhúsið sem byggt var utan við Hofsána, þá í Hvammskotslandi. Árið 1891-1892 var húsmáður í Ártúnum Jakob Símonarson, fékk hann leyfi til að byggja sér hús á brekkunni norðan við Hofsá, og kallaði það Brekku. Hann smíðaði húsið sjálfur og flutti í það vorið 1892. Húsinu fylgdi lóð um 1 hektari allgrösugur sem hann ræktaði að nokkru, en síðar var tekin undir byggingar. Þessa lóð hafði Jakob á leigu til 1915, en keypti hana þá af Eggerti Jónssyni frá Nautabúi sem átti þá svokallaða Hofstorfu ásamt Hofsóskaupúni. (Örnefnastofnun, Brekka.) Á Brekku býr nú Jakob Einarsson, kennari, en þar hafa búið allt að 14 manns þegar mest var í kringum árin 1940-1941
Hættumat: Húsið Brekka er meira en 100 ára gamalt og er því fornleif samkvæmt 16. gr. Þjóðminjalaga um skilgreiningu fornleifa, sjá bls. 2-3
Heimild: Örnefnastofnun, Skagafjarðarsýsla, Hofsóshreppur, Brekka. Jóhann Ólafsson frá Miðhúsum skráði 1971
Túnakort 1917, sjá fylgiskjal 6
Sveitafélagið Skagafjörður Deiliskipulag fyrir Plássið, Sandinn, Brekkuna og Bakkann á Hofsósi. Greinagerð október 1999, Arkitektárni.
Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í júlí 2000
Loftmynd, frá ágúst 1997, Loftmyndir ehf. í mælikvarða 1:4000
Íslenskt Fornbréfasafn, áttunda bindi 1261-1521.
Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar.
Þjóðminjar á Íslandi: Lög Reglugerð Skipurit Stefnumörkun, Þjóðminjasafn Íslands 1998
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

21

- Tegund minja:** Brunnur/horfinn
Hlutverk: Vatnsból
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Brekka
Lega: N: 65°54550 V: 19°25392
Staðhættir: Í um 100 m í norð-vestur frá Brekku, eða um 40 m í vestur frá Ási, sem er hús í norður frá Brekku.
Lýsing: Brunnurinn hefur verið fylltur, og sést því ekkert af honum nema smá lægð í jörðina, um 1 m í þvermál.

Aðrar upplýsingar: Í brunninn var sótt vatn frá Brekku. Hann hefur verið gerður í kringum 1910, og líklegt að Hallur Einarsson hafi hlaðið hann, hann hlóð marga brunna í Hofsós. Brunnurinn var í notkun allt fram til ársins 1952.

Hættumat: Hætta ef jarðrask verður á svæðinu.

Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 20. Grafreitir við Brekku, horft til suð-vesturs. Beitingaskúr og smíðahús til vinstri á myndinni. Ljós. K.G. júlí 2000

22

Tegund minja: Heimagrafreitur

Hlutverk: Grafreitir

Landareign: Hofsós

Sérheiti: Brekka

Lega: N: 65°53991 V: 19°25342

Staðhættir: Rétt sunnan við Brekku.

Lýsing: Grafreitirinn er 12 x 12 m, hann er afgirtur með girðingu, og er hlið á miðri vesturhlið. Í grafreitnum er tvö leiði sem eru grasi gróin, og 3 sem er steinsteypt yfir, í laginu, eins og burstapak á húsi, hvítmáluð.

Aðrar upplýsingar: Í steypu grafreitunum hvíla Jakob Símonarson, Guðmundur Guðmundsson og Einar Björnsson, og í þeim sem eru grasi vaxnir, þær Bjargey Kristjánsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir.

Hættumat: Engin hætta

Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í júlí 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

23

Tegund minja: Útihús

Hlutverk: Fjárhús/hlaða/fjós/smiðja

Landareign: Hofsós

Sérheiti: Brekka

Lega: N: 65°53987 V: 19°25394

Staðhættir: Um 25 metrum vestur af íbúðarhúsinu á Brekku.

Lýsing: Húsið var endurbyggt 1965-67.
Aðrar upplýsingar: Í húsinu var áður en að það var endurbyggt, 40 kinda fjárhús með einum garða. Fjós með þremur básum, hlaða, og smiðja sem var stærst.
Hættumat: Hætta af ábúð
Heimild: Túnakort 1917, sjá fylgiskjal 6
Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í sept 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

24

Tegund minja: Útihús
Hlutverk: Smíðahús/beitingaskúr
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Brekka
Lega: N: 65°53977 V: 19°25352
Staðhættir: Um 30 m í suður frá húsinu á Brekku
Lýsing: Húsið sem er þarna er timburhús, og er það stagað niður á hornunum með keðjum sem eru festar niður í jörðina.
Aðrar upplýsingar: Húsið var smíðahús Jakobs Símonarsonar (04.01.1864-23.10.1935) síðar var það beitingaskúr Jakobs Einarssonar.
Að sögn Jakobs Einarssonar hefur skúrinn líklega verið byggður í kringum 1900.
Viðbygging fyrir endur var síðan byggð við skúrinn.
Þar sem skúrin er yfir 100 ára gamall, verður hann að teljast fornleif, samkvæmt 16. gr. laga um skilgreiningu fornleifa sjá bls.2-3
Hættumat:
Heimild: Túnakort frá 1917, sjá fylgiskjal 6
Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í sept 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

25

Tegund minja: Brunnur/horfinn
Hlutverk: Vatnsból
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Ungmennafélagsbrunnur
Lega: N: 65°53897 V: 19°24762
Staðhættir: Hefur verið í suð-austur horni lóðarinnar Kárastíg 1.
Lýsing: Ekkert sést af brunninum, vegna sléttunnar.
Hættumat: Hætta ef jarðrask verður á staðnum.
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 3.

26

Tegund minja: Brunnur/horfinn
Hlutverk: Vatnsból
Landareign: Hofsós
Lega: Óþekkt
Staðhættir: Hefur verið í suð-austur frá Læknishúsinu Bjargi.
Lýsing: Ekkert sést af brunninum, vegna sléttunnar.
Hættumat: Hætta ef jarðrask verður á svæðinu.
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 3.

27

Tegund minja: Brunnur/næstum horfinn
Hlutverk: Vatnsból
Landareign: Hofsó
Lega: N: 65°53974 V: 19°25212
Staðhættir: Um 10 m í norður upp í brekkunni við vestari hluta Vesturfarasetursins Sandi.
Lýsing: Brunnurinn hefur verið fylltur að mestu. Þó sést ennþá af u.þ.b. 0.8m á dýpt, og hann er um 1 m þvermál. Það sést í einstaka stein innan í opinu.
Hættumat: Hætta ef jarðrask verður á þessu svæði.
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

28

Tegund minja: Brunnur/horfinn
Hlutverk: Vatnsból
Landareign: Hofsó
Lega: N: 65°4033 V: 19°25361
Staðhættir: Í norð-vestur horni lóðar á Grund 2
Lýsing: Brunnurinn hefur verið fylltur, og sést því ekkert af honum nema smá lægð í jörðina, um 1 m í þvermál.
Hættumat: Hætta ef jarðrask verður á staðnum.
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 4



Mynd 21. Bryggjan til vinstri á miðri mynd, horft í austur.
Á myndinni má einnig sjá sjóbúðirnar, (sjá nr. 90) sem stóðu vestan við Vesturfarasetrið Sand (sjá nr. 105)
og matjurtagarða sem eru í brekkunni niður að sjónum til hægri (sjá nr. 61)
Ljós. HSk.

29


Tegund minja: Bryggja/horfin
Hlutverk: Bryggja
Landareign: Hofsós
Lega: N: 65°53961 V: 19°25206
Staðhættir: Fyrir framan húsið Sand, úr fjöruborðinu og nokkra metra fram í sjóinn.
Lýsing: Bryggja þessi er nú alveg horfin.
Aðrar upplýsingar: Bryggjan sést á ljósmynd frá Hofsósi frá 1957
Bryggjan var byggð árið 1930, sjórinn sem braut síðan smátt og smátt niður þessa bryggju.
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku Hofsósi í sept. 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 22. Húsið sem er fyrir miðri mynd er fjárhúsið, en þar stóð áður býlið Braut. Fyrir ofan það er bærinn Ártún, (nr. 15) lengst til hægri sést í brúna (nr. 31) yfir Grafarós sem var byggð 1887 og endurbyggð 1909-1910. Myndin líklega tekin á árunum 1920-30. Héðraðsskjalasafn Skagfirðinga.

30

| | |
|----------------------|--|
| Tegund minja: | Bústaður/fjárhús/tóft |
| Hlutverk: | Bústaður/fjárhús |
| Landareign: | Hofsós |
| Sérheiti: | Braut |
| Lega: | N: 65°53326 V: 19°23765 |
| Staðhættir: | Vestan við brúna á Grafará, á móts við Grafarós. |
| Lýsing: | Af tóftinni er greinilegust suður og vesturhlið, það sést móta fyrir 2 dyrum í tóftina í vestur. Þá sést óljós garði á miðri norðurhlið. Tóftin er 12- 14 m löng og 11 m breið, veggjapýkkt 1-2 m, og veggjahæð 0.4m |



Mynd 23. Flatarteikning tóft. Teikn. K.G. 2000.

Aðrar upplýsingar: Í “Ágrip af æfi Sigmundar Pálssonar til 1. janúar 1893” segir svo að hann hafi eftir að Níels Havstein verslunarstjóri á Hofsós sem dó 25. desember 1856,

“ fékk ég jeg þá verzlunina um vorið og stýrði henni til þess vorið 1861 að mjer var eftir ósk minni veitt Siglufjarðarverzlun sem húsbóndi minn Doratheus Shall einnig átti, en fyrir rógburð miður vandaðra mann var mjer sagt upp um haustið, urðu úr því málaferli en tapaði litlu í peningalegu tilliti. - *Það haust fór jeg að Braut sem er rjétt fyrir ofan Grafarós og dvaldi þar með fjölskyldu minni um veturinn, því það ár hafði ég byggt Ljósstaði*”

Á mynd frá árunum 1920-30, má sjá fjárhúsin þar sem áður stóð býlið Braut, myndin varðveitt á HSk.

Hættumat:

Hætta af ábúð.

Heimild:

Ágrip af æfi Sigmundar Pálssonar til 1. janúar 1893,

HSk. 68, 4to

Skagfirðingabók, Rit Sögufélags Skagfirðinga 22/1993

bls. 191

Staðsetning sjá fylgiskjal 3

31

Tegund minja:

Brú /horfin

Hlutverk:

Brú

Landareign:

Hofsós

Sérheiti:

Grafarábrú

Lega:

N: 6553330

V: 19°23736

Staðhættir:

Hefur staðið um 10- 15 m neðan við brúna sem er nú yfir Grafará.

Lýsing:

Ekkert sést af brúnni, en klettur þeir sem brúin hvíldi á eru vel sýnilegir.

Aðrar upplýsingar:

Sýslunefndarfundur 1884 fól Einari Guðmundssyni á Hraunum ásamt tveim mönnum öðrum að velja brúarstæði á Grafará. Þeir töldu besta brúarstæðið milli klappa fyrir sunnan og neðan Ártún. Brúarlengd töldu þeir 30 álnir. Ludvig Popp kaupmaður á Sauðárkróki mun hafa átt frumkvæði í þessu máli. Þó hafði “almennur fundur á Grafarósi” lagst á sömu sveif, skorðar á sýslunefnd að gangast fyrir, að áin yrðu brúuð “sökum vaðleysis, stórgrýtis og straumhörku”. Popp sá um efnisúttegið “og lánaði stórfé” til brúargerðarinnar. Einar á Hraunum annaðist smíðina 1886-1887, og var brúin sett á ána síðarnefnt ár. Árið 1909 var brúin dæmd óhæf til umferðar og samþykkti sýslunefnd endursmíði hennar. Hafist var handa um smíðina 1909, og henni að fullu lokið 1910, og stóð brúin fram á 4. áratuginn (Sýslunefndarsaga Skagafjarðar, I bls. 75-76)

Heimild:

Sýslunefndarsaga Skagafjarðar, fyrra bindi Kristmundur Bjarnason 1998.

Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 24 Trébrúin sést til vinstri á myndinni, myndin tekin 1910-1914, varðveitt á HSk. úr Safni Kristjáns C. Magnússonar.

32

- Tegund minja:** Brú/horfin
- Hlutverk:** Samgönguleið
- Landareign:** Hofsós
- Lega:** N: 65°53961 V: 19°25050
- Staðhættir:** Brúin var trébrú yfir Hofsána niður í Plássinu
- Lýsing:** Sést á ljósmynd frá Hofsósi, frá 1910-1914, varðveitt á HSk úr Safni Kristjáns C. Magnússonar.
- Aðrar upplýsingar:** Árið 1890 fór hreppsnefnd Hofshrepps þess á leit við sýslunefnd, að Hofsá yrði brúuð þá um sumarið. Hreppsnefndin bauðst til að leggja fram borgunarlaust 40 – 50 dagsverk til grjóftlutninga, Oddviti skýrði nefndinni frá því, að Popp kaupmaður hefði boðist til að gefa 100 krónur til brúarinnar og lána það sem á vantaði. Sýslunefnd samþykkti að ráðast í þessa framkvæmd þá þegar. Einar á Hraunum tók að sér að smíði brúarinnar samkvæmt þeim teikningum sem fyrir lágu. Hún var byggð sama sumarið og sett á ána um haustið; lengd hennar var 35 álnir. Fljótlega komu í ljós nokkrir gallar og sýslunefnd fól Einari að kippa þeim í lag. Hann vann það verk sumarið á eftir og frekari lagfæringar þurfti brúin ekki við, að undanteknum smáviðgerðum árið 1893 og 1902, sem má flokka undir eðlilegt viðhald. (Skagfirðingabók 1977) Í Skagfirzkum annál 1847-1947, bls. 419 segir svo: Brúin fauk í afspyrnuverði 27. janúar 1925, Jón Konráðsson í Bæ var á brúnni þegar hún fauk en hann sakaði ekki.
- Heimild:** Skagfirðingabók, Rit Sölufélags Skagfirðinga, nr. 8 1977: Samgöngur í Skagafirði 1874 – 1904 eftir Sölva Sveinsson. Sést á ljósmynd frá Hofsósi, frá 1910-1914, varðveitt á HSk úr Safni Kristjáns C. Magnússonar. Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku, í júlí 2000 Staðsetning sjá fylgiskjal 5



Mynd 25. Hengibrúin sést fyrir neðan miðja mynd, horft í suður.
Ljósmynd frá 1925 varðveitt á HSk.

33

- Tegund minja:** Brú, hengibrú/horfin
- Hlutverk:** Göngubrú
- Landareign:** Hofsós
- Lega:** N: 65°53961 V: 19°25050
- Staðhættir:** Var á sama stað og núverandi brú er.
- Lýsing:** Brúin er horfin, en meðfylgjandi ljósmynd sýnir hvernig hún leit út árið 1925
- Aðrar upplýsingar:** Eftir að brúin sem var byggð 1890, fauk í ofsaveðri. 1925, var byggð bráðabirgða hengibrú/göngubrú yfir ána sem stóð þangað til núverandi brú var byggð árið 1925.
- Heimild:** Ljósmynd frá 1925 varðveitt á HSk.
Staðsetning sjá fylgiskjal 5




Mynd 26. Brúin sem var steipt 1925 neðst til hægri, horft í suður.
Ljósmynd varðveitt á HSk.

34

| | |
|---------------------------|---|
| Tegund minja: | Brú |
| Hlutverk: | Samgönguleið |
| Landareign: | Hofsós |
| Lega: | N: 65°53961 V: 19°25050 |
| Staðhættir: | Er norðan við Pakkhúsið. |
| Lýsing: | Steinsteipt brú með boga. Hún er notuð í dag sem göngubrú, frá Plássinu yfir á Sand. |
| Aðrar upplýsingar: | Í Sýslunefndarsögu Skagafjarðar segir á bls. 76-77: Á sýslunefndarfundi 1925 ítrekaði hreppsnefnd beiðni um nýja brú á Hofsá. Hún komst í kring sama ár og stóð sýslan undir þriðjung kostnaðar. Brúin var steinsteiptur bogi með þverbríkum. |
| Heimild: | Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, Fyrra bindi 1847- 1947, Kristmundur Bjarnason, 1998. Staðsetning sjá fylgiskjal 5 |

35

| | |
|---------------------------|---|
| Tegund minja: | Timburhús/ bústaður/horfið |
| Hlutverk: | Bústaður |
| Landareign: | Hofsós |
| Sérheiti: | Faktorshúsið/Bústaður verslunarstjórans |
| Lega: | N: 65°53944 V: 19°25020 |
| Staðhættir: | Hefur staðið við suð-vesturhorn á húsinu Sólvík /Baldurshaga út í götuna sem liggur niður í Plássið. |
| Lýsing: | Ekkert sést vegna sléttunnar, og annara framkvæmda á þessum stað. |
| Aðrar upplýsingar: | Þarna liggur nú gatan niður í Plássið, og hefur hún verið hækkuð um 2-3 m frá því sem var. Húsið hefur staðið sunnar og ofar en Pakkhúsið, samkvæmt ljósmynd frá 1910-1914. Sjá ljósmynd á bls. 23, nr. 1 á þeirri mynd. Faktorshúsið var rauðmálað, heimild Sverrir Magnússon, sonur Magnúsar Jóhannssonar læknis, á Hofsósi |
| Hættumat: | Ef röskun verður á þessum stað ætti hún að fara fram í viðveru fornleifafræðings. |
| Heimild: | Sést á ljósmynd af Hofsósi frá 1910-1914, varðveitt á HSk Myndin er á bls. 23. Hús verslunarstjóra nr. 1. Ljósmynd frá Hofsósi 1910-1914 varðveitt á HSk. Staðsetning sjá fylgiskjal 5 |



Mynd 27. Flatarteikning, af fjárhúsi/hesthúsi/hlöði eftir frásögn Jakobs Einarssonar á Brekku í september 2000.

Teikn. K.G. 2000

36

- Tegund minja:** Fjárhús/horfið
Hlutverk: Fjárhús/ hesthús/sjóbúð
Landareign: Hofsós
Lega: N:65°53939 V: 19°25041
Staðhættir: Um 20 metra í norð-austur frá Brekku
Lýsing: Lítið sést af húsum þessum, mótar rétt fyrir smá þúfum sem gætu verið leifar af hleðslum.
Aðrar upplýsingar: Fjárhúsið sem var tvískipt með garða í hvorum hluta, mun hafa verið upphaflega í eigu Sigurðar Sigurðssonar, sem átti heima á Jóngrund, síðan var það í eigu Guðmundar Guðmundssonar, og þá Jón Stefánsson og síðast Þóroddur Jóhannsson. Hlaða var síðan byggð við suð-vestur horn hússins um 1936. Sjóbúð var við norðurhlið hússins, og átti hana Vilmundur Pétursson, og síðar var hún í eigu Péturs Jónssonar á Þangstöðum.
Hættumat: Hætta af ábúð
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í september 2000
 Staðsetning sjá fylgiskjal 3.

37

- Tegund minja:** Fjárhús/horfin
Hlutverk: Fjárhús
Landareign: Hofsós
Lega: N: 65°53930 V: 19°24904
Staðhættir: Fjárhúsin stóðu þar sem Kárastígur 13 er núna.
Lýsing: Horfin vegna byggingar.
Hættumat: Engin hættu
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í janúar 2001
 Staðsetning sjá fylgiskjal 3.

38

Tegund minja: Gata/leið
Hlutverk: Gata/troðningur
Landareign: Hofsós
Lega: N: 65°54027 V: 19°24973
Staðhættir: Troðningurinn liggur frá Norðurbraut bæði vestan og austan við húsin Grund 1 og 2, í suður sunnan við Sunnuhvol og þaðan í austur og sameinast þar vegi sem liggur upp á Siglufjarðarveg
Lýsing: Malarvegur sem er um 3-4m á breidd
Hættumat: Hætta af ábúð
Heimild: Loftmynd frá ágúst 1997, Loftmyndir ehf. í mælikvarða 1:4000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 28. Gatan liggur til vinstri við girðinguna, horft til suðurs inn í Unadal.
Ljósm. K.G. sept 2000

39

Tegund minja: Gata/næstum horfin
Hlutverk: Gata/leið
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Naustagata
Lega: N: 65°54228 V: 19°25377
Staðhættir: Hefur legið frá Naustabænum og upp að Hofi
Lýsing: Gatan er sumstaðar horfin en sést þó allvel á köflum og er þar um 3-4 m á breidd.
Hættumat: Hætta af ábúð.
Heimild: Loftmynd frá ágúst 1997, í 1:4000
Staðsetning sjá fylgiskjal 4

40

Tegund minja: Gata/leið
Hlutverk: Leið
Landareign: Hofsós
Lega: N: 65°53964 V: 19°25347
Staðhættir: Norðan við Nafarhús (nr. 58) upp í brekkunni, og liggur til austurs.
Lýsing: Gatan er grasi gróin að mestu um 2 - 4 m á breidd, og 50 – 60 m að lengd.
Hættumat: Hætta af ábúð.
Heimild: Loftmynd frá ágúst 1997 í 1:4000, Staðsetning sjá fylgiskjal 3

41

Tegund minja: Gata
Hlutverk: Gönguleið
Landareign: Hofsós
Lega: N:65°53977 V: 19°25350
Staðhættir: Er um 25-30 m fyrir ofan húsið Sand, og fyrir neðan húsið Brekku, og liggur í austur.
Lýsing: Mjó gata um 0.5 m á breidd grasi gróinn.
Aðrar upplýsingar: Frá Brekkunni var þetta gönguleið niður í Plássið.
Hættumat: Hætta af ábúð
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku Hofsósi í sept. 2000 Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 29. Steinninn Grettistak í Grafaránni, horft í norður.
 Ljósni Hjalti Pálsson 1993

42

Tegund minja: Náttúruminjar/steinn
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Grettistak
Lega: N: 65°53964 V: 19°25271
Staðhættir: Steinninn er í miðri Grafará, rétt ofna við gömlu brúna við Grafarós.
Lýsing: Steinninn er grágrýttissteinn um 2 x 1 m, og 2 m á hæð.

Aðrar upplýsingar: Steininum fylgir sú munnmælasögn, að Grettir hafi gripið hann í hendur sér í svokölluðu Hasti sem er í Stafnshólsöxlinni í fárra kílómetra fjarlægð, og varpað honum þarna til að stikla á yfir ána. Þegar mikið er í Grafaránni fer steinninn á kaf í ánni

Hættumat: Steinninn er ekki í hættu af mannvöldum.

Heimild: Skagfirðingabók, Rit Sögufélags Skagfirðinga 22/1993 bls. 193
Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku Hofsósi í sept. 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

43

Tegund minja: Timburhús/horfið

Hlutverk: Heimili

Landareign: Hofsós

Sérheiti: Grænamýri

Lega: N: 65°54118 V: 19°25497

Staðhættir: Stóð norður af vigtarhúsi, þar sem nú er díselrafstöð.

Lýsing: Ekkert sést af húsi þessu

Aðrar upplýsingar: Húsið var upphaflega flutt utan úr bæ um 1939-1940, og var síðan stækkað, af Kristjáni Þorsteinssyni sem var eigandi þess. Það var síðan brennt, og er því horfið.

Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku, Hofsósi í sept. 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 4



Mynd 30. Veggjahleðsla, steyptar tröppur og húsgrunnur, horft til austurs. Ljósm. K.G. júlí 2000

44

Tegund minja: Hús/tóft

Hlutverk: Fjánhús/hesthús

Landareign: Hofsós

Sérheiti: Hjarðarholt

Lega: N: 65°54168 V: 19°23373

Staðhættir: Norðan við íþróttavöllinn á Hofsósi


Lýsing: Húsið/tóftin er 9 x 8 m. Austari hluti hússins hefur vegg úr torfi, en þak og stafn hússins er úr tré, austurveggur hússins er að hluta til

bárujárn. Vestari hlutinn er byggður úr steinssteypu, og er sambyggður við austari hlutann þetta er kjallari en plötuna vantar, en tröppur eru á vesturhlíðinni

Aðrar upplýsingar: Hjarðarholt hefur verið byggt í kringum 1935.

Hættumat: Tóft þessi er ekki ýkja gömul, en þar sem tóftin er orðin mjög hrunin og gæti horfið ef jarðrask yrði á þessu svæði, er hún höfð með í þessari skrá.

Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku, Hofsósi í sept. 2000.
Loftmynd, frá ágúst 1997, í mælikvarða 1:4000
Staðsetning sjá fylgiskjal 4



Mynd 31. Flatarteiking, tóft. Teikn. K.G. júlí 2000

45

Tegund minja: Hús/horfið
Hlutverk: Bústaður
Landareign: Hofsós
Lega: N: 65°54046 V: 19°25332
Staðhættir: Á Brekkunni þar sem Grund 1 og II eru í dag
Lýsing: Ekkert sést af þessu húsi vegna Grundar 1 og II.
Aðrar upplýsingar: Þarna var áður lítið timburhús, klætt með þakpappa, síðar múrhúðað.
Heimild: Viðtal við Hjálmar Sigmarsson, Hólkoti í september 2000
Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í október 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 4

HVAMMKOT 46 - 54

Í Jarða og Búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958 segir svo um Hvammkot:

Hvammkot á Höfðastönd var hjáleiga frá Hofi, stóð bærinn við Hofsá í stórum hvammi norðan árinna nálega miðja vegu milli Hofs og Hofsóskaupfélags. Hvammkot var metið með Hofi á fyrri öldum. Árið 1709 var áhöfn talin þar 2 kýr, 18 ær, 12 lömb, 1 sauður tvævetur, 1 veturg. og 1 hestur. Eftir aldamótin 1800 var Hvammkot talið 9 hundruð að dýrleika og eftir 1861 á 5,5 hundr., árið 10922 var það metið á 10. Hundr. Kr. Og 1942 á 16 hundr. Kr.

Hvammkot fór í eyði árið 1943 og var selt Höfðakaupfélaginu 1951 ásamt kaupfélagslótinni o. fl. Það telst nú til Hofsóshrepps. Hvammkot var í Hofsókn.

Í Jarða og Búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958, 4. Hefti bls. 51.:
Sögufélag Skagfirðinga -1959



Mynd 32. Horft til suðurs, yfir land Hvammkots, tóft Hvammkots fremst á myndinni.
Ljós. K.G. júlí 2000

46

- Tegund minja:** Tóft/hleðsla 1:1
Hlutverk: Bústaður
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Hvammkot
Lega: N:65°54110 V: 19°24225
Staðhættir: Vestan við Hofsáanna í grasi vöxnum hvammi niður af Hofi, á bökkum Hofsár.
Lýsing: Stærð tóftarinnar í norður/suður er um 22 m, og í austur/vestur um 18 m. Hleðsluhæð allt að 0.5 m.
Tóftin er mjög óljós og ekki gott að átta sig á innra skipulagi hennar nema að litlu leiti, á norður hlið sést þó móta fyrir tveimur rýmum og er það sem er austar með dyr í norður. Á austurhlið er rými sem er opið í austur, á vesturhlið rými sem er opið í vestur.

Aðrar upplýsingar: Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er Hvammkot talið sem þriðja býli af heimajörðinni Hofi, og að dýrleika talið með henni. Ábúandi Jón Pálsson. bls. 254.

Í Sóknarlýsingar úr Skagafirði frá 1839 bls. 139, Hvammkot talið 10 hndr; lítt nýtt til alls; er hjáleiga frá Hofi.

Jarðatal Johnsens frá 1847 , telur Hvammkot sem hjáleigu frá Hofi og er það þá 9 að dýrleika, bls. 269.

Á Manntalsþingi að Hofi þann 13. júní 1780. Komu fyrir réttinn ábúendur Hofstorfu, þar á meðal Rasmus Lynge í Hvammkoti, með umkvörtun af átroðningi skemmdum og skaða sumar og vetur sem mætti líða vegna verslunarinnar á Hofsósi (Dómabók 645)

Hvammkot fór í eyði 1943 og var selt Hofsóshreppi 1951.

Síðustu ábúendur í Hvammkoti voru þau hjón Jón Stefánsson og Sigurbjörg Jónsdóttir. Örnefnastofnun, Hvammkot.

Hættumat:

Þar sem hugsanlegt er að Hvammkot sé byggt ofan á eldri tóftum, ætti að hafa það í huga ef jarðrask verður á þessu svæði.

Heimild:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, gefin út af hinu Íslenska Fræðarafjelagi í Kaupmannahöfn, níunda bindi 1930.

Safn til Landfræðisögu Íslands, Sýslu- og sóknarlýsingar: Hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1873, II Skagafjarðarsýsla.

Jarðatal Johnsens frá 1847.

Dómabók Skagafjarðarsýslu 1780


Örnefnastofnun; Skagafjarðarsýsla Hofsóshreppur Hvammkot,

heimildarmaður: Margrét Þorleifsdóttir f. 1889, búsett í Hvammkoti í 30 ár. Skráð af Jóhanni Ólafssyni frá Miðhúsum 1971.


Viðtal við Hjalta Gíslason, Hofsósi í júlí 2000

Loftmynd, frá ágúst 1997, í mælikvarða 1:4000

Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 33. Flatarteikning, tóft 1:1 Teikn. K.G.2000



Mynd 34. Flatarteikning, tóft 1:2. Teikn. K.G.2000

47

Tegund minja: Tóft /hleðsla 1:2

Hlutverk: Fjárhús?

Landareign: Hofsós

Sérheiti: Hvammkot

Lega: N: 65°54070 V: 19°24321


Staðhættir: Er í vestur frá tóft Hvammkots, og um 25 m í tóft 1:3 í vestur.

Lýsing: Tóftin er nokkuð sigin, en þó vel sýnileg. Stærð tóftarinnar er um 4 x 8 m, veggjaþykkt um 1 m, hleðsluhæð allt að 0.4 m, gengið er hana frá vestri. Frá tóftinni gengur garður í suður um 6 m, breidd um 2 m, og hleðsluhæð um 0.4 m hann beygir síðan til austurs og er um 16-17 m langur og 1 m breiður, hleðsluhæð um 0.4 m.

Hættumat: Helst hætta er einhverjar framkvæmdir verða á þessu svæði. Tóftin eyðist áfram af náttúrulegum völdum.

Heimild: Vettvangsathugun 21/8 2000


Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 35. Flatarteikning, tóft 1:3 . Teikn. K.G.2000

48

- Tegund minja:** Tóft/hleðsla 1:3
Hlutverk: Fjárhús
Landareign: Hofsóss
Sérheiti: Hvammkot
Lega: N: 65°54066 V: 19°24390
Staðhættir: Frá tóft 1:3 að tóft 1:4 um 12 m suðvestur.
Lýsing: Tóftin er nokkuð sigin, stærð 14x10 m, veggjaþykkt um 1 m, hleðsluhæð um 0.4 m. Dyr eru í vestur. Innveggir hafa sigið inn að miðju tóftarinnar, það sést móta fyrir garða í syðsta hluta tófarinnar, við austur hlið tóftarinnar hefur verið opið rými til austurs, hugsanlega rétt.
Hættumat: Helst hætta er einhverjar framkvæmdir verða á þessu svæði. Tóftin eyðist áfram af náttúrulegum völdum.
Heimild: Vettvangskönnun í júlí 2000
 Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 36. Flatarteikning, tóft 1:4 Teikn. K.G.2000

49

Tegund minja:

Tóft/hleðsla 1:4

Hlutverk:

Fjárhús?

Landareign:

Hofsós

Sérheiti:

Hvammkot

Lega:

N: 65°54061

V: 19°24411

Staðhættir:

Frá tóft 1:4 að 1:5 eru um 25 m í vestur.

Lýsing:

Tóftin er sigrin er þó vel sýnileg, stærð 6 x 6 m, veggjaþykkt um 1 – 1.5 m, hleðsluhæð allt að 0.3 m. Tóftin er eitt rými og er það opið til suð-vesturs.


Hættumat:

Helst hætta er einhverjar framkvæmdir verða á þessu svæði. Tóftin eyðist áfram af náttúrulegum völdum.

Heimild:

Vettvangskönnun í júlí 2000


Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 37. Flatarteikning, tóft 1:5. Teikn. K.G.2000

50

| | |
|----------------------|--|
| Tegund minja: | Tóft/hleðsla 1:5 |
| Hlutverk: | Fjárhús? |
| Landareign: | Hofsós |
| Sérheiti: | Hvammkot |
| Lega: | N: 65°54066 V: 19°24447 |
| Staðhættir: | Frá tóft 1:4 um 23 m í vestur |
| Lýsing: | Tóftin er sigin en þó vel sýnileg, stærð 8 x 12 m, veggjapykkt um 1-2.5 m, hleðsluhæð allt að 0.3 m. Tóftin skiptist í tvær krær, sem er opnar til norðurs og er með garða, og við suðurhlið tóftarinnar er ein kró sem er opin til vesturs. |
| Hættumat: | Helst hætta er einhverjar framkvæmdir verða á þessu svæði. Tóftin eyðist áfram af náttúrulegum völdum. |
| Heimild: | Vettvangskönnun í júlí 2000 Staðsetning sjá fylgiskjal 3 |



Mynd 38. Flatarteikning, tóft 1:6. Teikn. K.G.2000

51

Tegund minja: Tóft/hleðsla 1:6

Hlutverk: Fjárhús?

Landareign: Hofsó

Sérheiti: Hvammkot


Lega: N: 65°54098 V: 19°24295

Staðhættir: Um 30 m í austur frá tóft Hvammkots 1:1

Lýsing: Tóftin er grasi gróin og veggir nokkuð signir að hluta og halla inná gólf tóftarinnar. Tóftin er 9 -10 m löng og 6 – 7 m á breidd. Hleðsluhæð 0.7 m veggjaþykkt 1 – 2 m. Tóftin er opin til suðurs, og mótur fyrir dyrum á vesturvegg, og milliveggur er á austurhlið.

Hættumat: Helst hætta er einhverjar framkvæmdir verða á þessu svæði. Tóftin eyðist áfram af náttúrulegum völdum.

Heimild: Vettvangskönnun í júlí 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 39. Flatarteikning, tóftarbrot 1:7. Teikn. K.G.2000

52

Tegund minja: Tóftarbrot/hleðsla 1:7

Hlutverk: Óþekkt

Landareign: Hofsós

Sérheiti: Hvammkot

Lega: N: 65°54072 V: 19°24247

Staðhættir: Um 50 – 60 m, í suð-vestur frá tóft 1:1.

Lýsing: Tvö tóftarbrot sem liggja hlið við hlið með 5 m millibili, þau eru 3 til 4 m á lengd, veggjaþykkt um 1 m, hleðsluhæð um 0.5 m.

Hættumat: Helst hætta er einhverjar framkvæmdir verða á þessu svæði. Tóftin eyðist áfram af náttúrulegum völdum.

Heimild: Vettvangskönnun í júlí 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 40. Geitagerði, horft til vesturs yfir tóft Geitagerðis, að Hofsósi. Ljós. K.G. sept. 2000


53

Tegund minja: Tóft/fjánhús

Hlutverk: Fjánhús

Landareign: Hofsós

- Sérheiti:** Hvammkot/Geitagerði
Lega: N: 65°54595 V: 19°23919
Staðhættir: Vestan vegar í suð- austur frá Hofi á smá móabardi.
Lýsing: Tóftin er sigin og grasi gróin skiptist í 3 rými. Það nyrsta og stærsta sem er 7-8 x 4 m og hefur dyr í norður og líklega í vestur, opið úr því í mið-rýmið sem er 4-5 x 3m, þá er það syðsta rýmið sem er 4 x 2 m, og hefur dyr í vestur. Hleðsluhæð 0.4 – 1 m, veggjafykkt allt að 2 m.
- Hættumat:** Helst hætta er einhverjar framkvæmdir verða á þessu svæði. Tóftin eyðist áfram af náttúrulegum völdum.
- Heimild:** Örnefnastofnun, Skagafjarðarsýsla Hofsóshreppur
Hvammkot/Geitagerði; Jóhann Ólafsson frá Miðhúsum skráði 1971.
Staðsetning sjá fylgiskjal 4



Mynd 41. Flatarteikning tóft. Teikn. K.G. 2000.

- 54**
- Tegund minja:** Túngarður/hleðsla
Hlutverk: Túngarður/
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Hvammkot/Geitagerði
Lega: N: 65°54585 V: 19°23911
Staðhættir: Er í um 20 m frá tóft (Geitagerði nr. 47) til austurs
Lýsing: Garðurinn liggur norður – suður um 30 m langur, hleðsluhæð um 0.4 m, veggjafykkt um 0.8 m
- Hættumat:** Helst hætta er einhverjar framkvæmdir verða á þessu svæði. Túngarðurinn eyðist áfram af náttúrulegum völdum.
- Heimild:** Vettvangsathugun í okt. 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 4

55

| | |
|---------------------------|---|
| Tegund minja: | Hús |
| Hlutverk: | Heimili |
| Landareign: | Hofsós |
| Sérheiti: | Hvassafell |
| Lega: | N: 65°53956 V: 19°24951 |
| Staðhættir: | Stendur austan við Sneiðinginn þegar farið er niður í Plásssið |
| Lýsing: | Húsið er timburhús sem hefur verið forskalað |
| Aðrar upplýsingar: | Hús þetta stóð upphaflega í Grafarós, en var flutt í Hofsós. og endurbyggt af Jónasi Guðmundssyni smið, hann flutti síðar til Siglufjarðar. Eftir það bjó Björg systir hans í húsinu þangað til hún fór á Hrafnistu í Reykjavík. Í gegnum árin hafa orðið miklar breytingar á Hvassafelli, og síðast 1994. Allar innréttingar og þiljur hafa verið teknar úr húsinu, og það hefur verið forskalað. Að sögn Valgeirs Þorvaldssonar sem var eigandi hússins þegar því var breytt árið 1994, eru nánast engir upphaflegir viðir eftir í húsinu. |
| Hættumat: | Það má því segja að húsið eins og það er í dag hafi ekki varðveislu gildi sem hús er upphaflega hefur staðið í Grafarós. Og falli því ekki undir skilgreiningu um varðveislu fornminja . |
| Heimild: | Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, Seinna bindi 1847- 1947, Kristmundur Bjarnason, 1998. Sveitafélagið Skagafjörður: Deiliskipulag fyrir Plásssið, Sandinn, Brekkuna og Bakkann á Hofsósi. Greinagerð fyrir deiliskipulag, október 1999 Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í sept. 2000 Viðtal við Valgeir Þorvaldsson í janúar 2001 Staðsetning sjá fylgiskjal 5 |

56

| | |
|---------------------------|--|
| Tegund minja: | Hús/timbur/steypa |
| Hlutverk: | Bústaður |
| Landareign: | Hofsós |
| Sérheiti: | Jóngrund |
| Lega: | N: 65°54005 V: 19°25285 |
| Staðhættir: | Húsið stendur á Brekkunni, austan við húsið Brekku. |
| Lýsing: | Húsið er að hluta til steipt, og að hluta til úr timbri og allt bárujárnsklætt, gólfflötur um 51 m ² |
| Aðrar upplýsingar: | Það er byggt 1900, og var þá torfbær, en var endurbyggt af Þóroddi Jóhannssyni, húsið er nú í eigu Svanfríðar Þóroddsdóttur |
| Hættumat: | Húsið hefur verið mikið endurbyggt frá því að vera torfbær, svo ekki er mikið af hinum upprunalega bæ eftir, en sé það að einhverju leiti, þá er Jóngrund meira en 100 ára gamalt og er því fornleif samkvæmt 16. gr. þjóðminjalaga um skilgreiningu fornleifa, sjá bls. 2-3 |

Heimild: Bæjar og húsakönnum, Brekkan, Sandurinn, Plássið, Bakkinn:
Húsfriðunarnefnd ríkisins, Sveitafélagið Skagafjörður, október 1999.
Sveitafélagið Skagafjörður: Deiliskipulag fyrir Plássið, Sandinn,
Brekku og Bakkann á Hofsósi. Greinagerð okt. 1999
Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 42. Kerlingaleiði rétt fyrir neðan miðju þar sem svart hluturinn er á lítilli þúfu, horft í austur, sést í húsið Sunnuhvol lengst til hægri á myndinni. Ljós. K.G. júlí 2000

57

Tegund minja: Þúfa/munnmæli
Hlutverk: Leiði
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Kerlingaleiði
Lega: N: 65°54004 V: 19°25304
Staðhættir: Frá Brekku í austur rétt yfir vegin sem liggur framhjá Brekku.
Lýsing: Lítil þúfa eða þúst, grasi gróin.
Aðrar upplýsingar: Jóhanna Vilmundardóttir spurðist fyrir um Kerlingaleiði þegar hún kom í heimsókn, og hitti Jakob Einarsson og móðir hans Margréti Guðmundsdóttir
Hættumat: Hætta ef framkvæmdir verða á staðnum.
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson Brekku, í júlí 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

58

Tegund minja: Timburhús/horfið
Hlutverk: Verslun
Landareign: Hofsós

Sérheiti: Krambúð
Lega: N: 65°53959 V: 19°25007
Staðhættir: Hefur staðið þar sem er bílastæði í dag norð-austan við göngubrú yfir Hofsá.
Lýsing: Ekkert sést af húsi þessu vegna sléttunnar.
Aðrar upplýsingar: Krambúðin brann 1909, heimild Sverrir Magnússon, sonur Magnúsar Jóhannssonar læknis, á Hofsósi
Hættumat: Ef röskun verður á þessum stað ætti hún að fara fram í viðveru fornleifafræðings.
Heimild: Sést á ljósmynd af Hofsósi frá 1910-1914, varðveitt á HSK Myndin er á bls. 23. Sölubúð/ krambúð nr. 3
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

59

Tegund minja: Steinn
Hlutverk: Legsteinn?
Landareign: Hofsós
Lega: N: 65°53942 V: 19°25038
Staðhættir: Er í um 10 m í suður frá Pakkhúsinu
Lýsing: Steinninn er 0.40 x 0.60 m, og hefur áletrun sem gæti verið Ellendur, og einhver tákn sem gætu hafa átt að vera ártal. Steininn er siginn í jörðu og sést ekki mikið í hliðar hans.
Aðrar upplýsingar: Steininn lá á gólfinu í Pakkhúsinu, þegar sett var í það nýtt gólf í það um 1990, var steinninn settur út á grasflötina sunnan við húsið. Það er ekki vitað hvaðan steinninn er, eða hvernig hann hafnaði í Pakkhúsinu, eða til hvers átti að nota hann, helst haldið að hann hafi átt að verða legsteinn, og hafi mistekist að höggva í, og síðan látin vera þar sem hann var kominn.
Hættumat: Hætta ef jarðrask verður á svæðinu.
Heimild: Viðtal við Valgeir Þorvaldsson í febrúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 5



Mynd 43 Bjarg, lækni húsið á Hofsósi. Ljós. HSk.

60

- Tegund minja:** Hús/horfið
Hlutverk: Bústaður
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Bjarg
Lega: N: 65°53822 V 19°24727
Staðhættir: Stóð rétt norðan við hús Heilsugæslunnar á Hofsósi og var sund á milli húsanna
Lýsing: Horfið
Aðrar upplýsingar: Magnús Jóhannsson læknir (f. 27/7 1874-23/12 1923) reisti sér mikið og vandað íbúðarhús á Hofsósbökkum 1901. Steindór Jónsson smiður á Sauðárkróki var lögskipaður úttektar- og virðingarmaður. Yfirsmiður hússins var Jakob S. Símonarson útvegsbóndi á Brekku við Hofsós. Húsið brann til grunna 15. júní 1947. Það má lesa meira um Magnús lækni hús hans, ævi og starf í Skagfirðingabók nr. 26 1999
Heimild: Skagfirðingabók, Rit Sögufélags Skagfirðinga, nr. 26 1999: Á fjöllum austan fjarðar. Af Magnúsi lækni Jóhannsyni og mannlífi í Ósnum. Bls. 159-160, eftir Kristmund Bjarnason, Staðsetning sjá fylgiskjal 3

61

- Tegund minja:** Matjurtagarðar
Hlutverk: Matjurtagarðar
Landareign: Hofsós
Lega: N: 6553875 V: 19°24914
Staðhættir: Í brekkunni vestan megin við Innri sneiðingin (vestan við Skjaldborg).
Lýsing: Garðarnir eru í miklum bratta á móti vestri, þeir eru nú grasi grónir, Hleðslur sjást í kringum þá að nokkru leyti, og eru þær allt að 0.7 m á hæð, og veggjaþykkt um 1 m.
Aðrar upplýsingar: Garðarnir byrjuðu hjá syðsta húsinu (Sæbergi), í Plássinu og náðu samfellt inn á mótis við Skjaldborg. Núna sjást þeir á um 100 m kafla í suður, frá syðstu húsum Hofsós. Íbúar Hofsós notuðu

garðana til að rækta kartöflur og rabbabara. Og hafði hver sinn vissa part að ganga að.

Hættumat:

Hætta af ábúð.

Heimild:

Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í október 2000

Staðsetning sjá fylgiskjal 5



Mynd 44. Matjurtagarður, horft til norðurs í átt að Hofsósi
Ljós. K.G. júlí 2000

62

Tegund minja:

Matjurtagarður/hleðsla

Hlutverk:

Matjurtagarður

Landareign:

Hofsós

Lega:

N: 65°53407 V: 19°23924

Staðhættir:

Í brekkunni sem er á móti Grafaósi, Hofsós megin.

Lýsing:

Matjurtagarðurinn er í mikilli brekku á móti suðri. Stærðin er 35 x 20 m, veggjahæð 1.2 m, veggjaþykkt 1 m, hann skiptist í 3 hólf.

Hættumat:

Engin hættu.

Heimild:

Loftmynd frá ágúst 1997, í mælikvarða 1:4000

Staðsetning sjá fylgiskjal 3

63

Tegund minja:

Torfbær/horfinn

Hlutverk:

Bústaður

Landareign:

Hofsós

Sérheiti:

Melar

Lega:

N: 65°53928 V: 19°24817

Staðhættir:

Rétt neðan við núverandi hús Mela.

Lýsing:

Ekkert sést af torfbænum, vegna sléttunnar.

Aðrar upplýsingar:

Núverandi hús á Melum er byggt 1947, á meðan það var í byggingu var búið í gamla bænum Torfbærinn var síðan rifinn þegar að byggingu nýja hússins var lokið. Melar hétu áður Varða að sögn Jakobs Einarssonar, sem átti skólabróðir sem bjó þar.

Hættumat:

Hætta af jarðraski

Heimild:

Sést á ljósmynd af Hofsósi frá 1957

Viðtal við Jakob Einarsson í sept. 2000

Staðsetning sjá fylgiskjal 3

64

| | |
|---------------------------|---|
| Tegund minja: | Hús/timbur/horfið |
| Hlutverk: | Mjölhús |
| Landareign: | Hofsós |
| Sérheiti: | Gamla mjöhlúsið |
| Lega: | N: 65°53943 V: 19°25029 |
| Staðhættir: | Hefur staðið rétt til vesturs í miðjum veginum um 30 m frá Pakkhúsinu í suður. |
| Lýsing: | Ekkert sést af húsinu. |
| Aðrar upplýsingar: | Hús þetta var rífið 1914, víðurinn fluttur til Akureyrar, og að sögn notaður þar í bryggju, heimild Sverrir Magnússon, sonur Magnúsar Jóhannssonar læknis á Hofsósi. Þarna liggur nú gatan niður í Plássið, og hefur hún verið hækkuð um 2-3 m frá því sem var. Mjölgeymslan hefur þó staðið aðeins ofar en Pakkhúsið, samkvæmt ljósmynd frá 1910-1914. Sjá ljósmynd á bls. 23, nr. 2 á þeirri mynd er gamla mjöhlúsið |
| Hættumat: | Ef einhver jarðröskun verður á þessum stað ætti hún að vera í viðurvist fornleifafræðings. |
| Heimild: | Ljósmynd frá Hofsósi 1910-1914 varðveitt á HSk. Staðsetning sjá fylgiskjal 5 |

NAFARHÚS 65 - 66



Mynd 45. Nafarhús, fyrir miðri mynd, horft í vestur. Ljósm K.G. sept. 2000

65

| | |
|---------------------------|---|
| Tegund minja: | Hús/horfið að hluta |
| Hlutverk: | Bústaður |
| Landareign: | Hofsós |
| Sérheiti: | Nafarhús |
| Lega: | N: 65°53946 V: 19°25378 |
| Staðhættir: | Rétt ofan við Norðurhafnargarðinn. |
| Lýsing: | Húsið er í dag ein hæð ofan á hlöðnum grunni, sem er upphaflegi grunnur hússins. |
| Aðrar upplýsingar: | Skafti Stefánsson f. 1894, flutti með foreldrum sínum að Nöf (Nöf, sjá nr. 80) árið 1907. Hann var mikil athafnamaður og hélt m.a. uppi bátsferðum milli Hofsóss og Siglufjarðar. Árið 1948 byggði Skafti núverandi hús á grunni hins gamla, sem brann árið 1940. |
| Hættumat: | Hætta af ábúð. |
| Heimild: | Viðtal við Hjálmar Sigmarsson Hólkoti, og Jakob Einarsson, Brekku Hofsósi í júlí 2000 Skagfirðingabók nr. 23, 1994, í grein eftir Kristmund Bjarnason, sem heitir: “Af Skafta í Nöf og skyldliði” Staðsetning sjá fylgiskjal 3 |

66

| | |
|---------------------------|---|
| Tegund minja: | Brunnur/horfinn |
| Hlutverk: | Vatnsból |
| Landareign: | Hofsós |
| Lega: | N: 65°53960 V: 19°25387 |
| Staðhættir: | Um 7 m frá undirstöðum olútanks í vestur, við norð-vesturhorn á smá skúr sem er við beygju þar sem farið er að Vesturfarasetrinu. |
| Lýsing: | Ekkert sést af brunni þessum, þarna hefur verið sléttað. |
| Aðrar upplýsingar: | Brunnurinn var í notaður frá Nafarbænum sem stóð vestan við götuna. |
| Hættumat: | Hætta ef jarðrask verður á þessu svæði. |
| Heimild: | Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í janúar 2001 Staðsetning sjá fylgiskjal 3 |

NAUST 67 - 78

Í Jarða og Búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958 segir svo um Naust (Snekkjunaust):

var hjáleiga frá Hofi vestur á sjávarbakkanum nokkurn spöl fyrir norðan Hofsá. Naust var ekki sérmetið til forna, en um og eftir aldamótin 1800 er farið að telja það 6 hundruðað dýrleika. Eftir 1861 var Naust talið 4,0 hundruð, og árið 1922 var það metið á 12. hundr. kr. Og 1942 á 14 hundr. kr. Árið 1709 var áhöfn á Nausti talin 10 ær, 9 lömb, 1 sauður tvævetur 1 veturg. og 2 hross. Naust var selt Hofsóshreppi 1951. Nú í einkaeign Árna R. Jóhannssonar.

Jarða og Búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958, 4. Hefti bls. 52.:
Sögufélag Skagfirðinga -1959



Mynd 46. Borgin/álagablettur, fyrir miðri mynd, horft til vesturs.
Ljós. K.G. sept. 2000

67

| | |
|---------------------------|--|
| Tegund minja: | Náttúruminjar/Álagablettur |
| Hlutverk: | Álagablettur |
| Landareign: | Hofsós/Naust |
| Sérheiti: | Borgin |
| Lega: | N: 65°54230 V: 19°25785 |
| Staðhættir: | Rétt norðan við tóftir gamla Naustabæjarins. |
| Lýsing: | All stór klettur, austan við hann er grasflöt |
| Aðrar upplýsingar: | Austan við Borgina, er grasflötur. Það er talinn álagablettur sem ekki mátti slá, og á þessum bletti tollði aldrei skepna þótt látin væri þar til beitar. Engar sagnir um hvað myndi koma fyrir ef þarna væri slegið, aðeins talin óhöpp í vændum. |
| Hættumat: | Hætta af ábúð |
| Heimild: | Örnefnastofnun, Skagafjarðarsýsla Hofsóshreppur, Naust; Jóhann Ólafsson skráði 1971 Staðsetning sjá fylgiskjal 4 |



Mynd 47. Naust um 1980, horft í austur.
Mynd í eigu Jakobs Einarssonar á Brekku.

68

Tegund minja: Tóft/bústaður

Hlutverk: Bústaður


Landareign: Hofsós

Sérheiti: Naust

Lega: N: 65°54211 V: 19°25776

Staðhættir: Norðan við Hofsós, niður við sjóinn.

Lýsing: Tóftin er grasi gróinn, veggir vel sýnilegir, en nokkuð signir í vestri hluta tóftarinnar. Tóftin er 12 x 12 m, veggjaþykkt um 1 m, hleðsla þar sem hún er best varðveitt í austari hluta tófarinnar, þar er grjót 1 m, og þar ofan á torf 1.3m. Tóftin skiptist í 4 – 5 rými og er inngangur á vesturhlið.



Mynd 48. Flatarteikning, tóft. Teikning K.G. 2000

Aðrar upplýsingar: Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1703-1711, bls. 254, er Naust nefnd Snecckiunaust, og það 4. ábýlið af heimajörðinni Hofi og dýrleikin talin með heimajörðinni. Ábúandi Höskuldur Hrólffsson.

Árið 1709 var Naust hjáleiga frá Hofi. Býlið var ekki sérmetið til forna, en um aldamótin 1800 talið 6 hndr. að dýrleika.

(Örnefnastofnun)

Hættumat: Þar sem hugsanlegt er að Naust sé byggt ofan á eldri tóftum, ætti að hafa það í huga ef jarðrask verður á þessu svæði.


Heimild: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1703-1711, gefin út af hinu Íslenska Fræðarafjelagi í Kaupmannahöfn, núnda bindi 1930.

Örnefnastofnun, Skagafjarðarsýsla, Hofsóshreppur, Naust. Jóhann Ólafsson frá Miðhúsum skráði 1971

Túnakort frá 1917, sjá fylgiskjal 7

Loftmynd frá ágúst 1997, 1:4000

Staðsetning sjá fylgiskjal 4



Mynd 49. Flatarteikning, tóft. Teikning K.G. 2000

69

Tegund minja: Tóft/hleðsla

Hlutverk: Fjórhus

Landareign: Hofsós

Sérheiti: Naust

Lega: N: 65°54214 V: 19°25750

Staðhættir: Á hólbarði fyrir ofan húsið á Naustum.


Lýsing: Tóftin er mjög sigin, grasi gróin og illa sýnileg 11 x 10 m, hleðsluhæð 0.3, veggjapykkt 1 m.

Hættumat: Hætta ef framkvæmdir verða á svæðinu, annars heldur tóftin áfram að eyðast fyrir veðri og vindum.

Heimild: Túnakort frá 1917, sjá fylgiskjal 7

Loftmynd frá ágúst 1997, 1:4000

Staðsetning sjá fylgiskjal 4



Mynd 50. Flatarteikning, tóft. Teikning K.G. 2000

70

Tegund minja: Tóft/hleðsla

Hlutverk: Fjárhús

Landareign: Hofsós

Sérheiti: Naust

Lega: N: 65°54203 V: 19°25741

Staðhættir: Á hólbarði fyrir ofan húsið á Naustum.

Lýsing: Tóftin er mjög sigin, grasi gróin og illa sýnileg, má þó sjá kró með inngangi á tveimur stöðum á móti norð-vestri og annað á móti suð-vestri. Út frá tóftinni í norð-vestur, heytóft.

Hættumat: Hætta ef framkvæmdir verða á svæðinu.

Heimild: Túnakort frá 1917. sjá fylgiskjal 7

Loftmynd frá ágúst 1997, 1:4000


Staðsetning sjá fylgiskjal 4




Mynd 51. Matjurtagarður, efst í brekkunni, Þórðarhöfði til hægri, og bærinn Þönglaskáli, horft í norður. Fyrir neðan matjurtagarðinn vinstra megin má greina stekkin (nr. 72) sem liggur að miðjum matjurtagarðinum Ljós. K.G. sept. 2000

71

- Tegund minja:** Matjurtagarður/hleðsla
Hlutverk: Matjurtagarður
Landareign: Hofsós/Naust
Lega: N: 65°54228 V: 19°25377
Staðhættir: Norður af Naustum, í túni niður við sjóinn, í gili sem heitir Syðri-Gróf, ekki langt frá landamerkjum Þönglaskála sem er lengra í norðurátt
Lýsing: Garðurinn er um 14 x 8 m, og skiptist í tvö hólfi álíka stór. Noðurhlið garðsins er bakki sem er um 1.40 m á hæð, hinir veggir garðsins renna saman við umhverfið í kring.
Hættumat: Engin hætta, nema garðurinn heldur áfram að eyðast af náttúruvöldum.
Heimild: Vettvangsathugun í okt. 2000
 Staðsetning sjá fylgiskjal 4



Mynd 52. Flatarteikning, matjurtagarður. Teikn. K.G. 2000



Mynd 53. Flatarteikning stekkur. Teikn. K.G. 2000.

72

| | |
|----------------------|---|
| Tegund minja: | Hleðsla/stekkur |
| Hlutverk: | Stekkur |
| Landareign: | Hofsós/Naust |
| Sérheiti: | Grófarstekkur |
| Lega: | N: 65°54468 V: 19°25611 |
| Staðhættir: | Norður af Naustum í túni niður við sjóinn, í gili sem heitir Syðri-Gróf, ekki langt frá landamerkjum Þönglaskála sem er í norðurátt. |
| Lýsing: | Stekkurinn er hlaðinn utan í brekku sem myndar norðurhlið hans, aðrir veggirnir eru hlaðnir, og hafa þeir sigið inn á við. Hleðsluhæð nú um 1 m, nema norðurhliðin sem er allt að 3 m. veggjaþykkt um 1m. Dyr er í stekkin í vestur á móti sjónum, hann skiptist í tvö rými og er dyr á milli, það fremra er 2 x 3 m, og hið innra lambakróinn er um 1.5 x 1.5m |
| Hættumat: | Engin hættu, nema af náttúruvöldum. |
| Heimild: | Örnefnastofnun, Skagafjarðarsýsla Hofsóshreppur, Naust; Jóhann Ólafsson skráði 1971 Staðsetning sjá fylgiskjal 4 |

73

| | |
|---------------------------|--|
| Tegund minja: | Kofi/ horfinn- Síðan byggt hús á sama stað |
| Hlutverk: | Bústaður |
| Landareign: | Hofsós |
| Sérheiti: | Naustakofi/ síðar Berlín |
| Lega: | N: 65°54254 V: 19°25680 |
| Staðhættir: | Frá Hofsósi í norður við götuslóða sem liggur að Naustum. |
| Lýsing: | Byggt hefur verið lítið hús, þar sem kofinn stóð áður. |
| Aðrar upplýsingar: | Frásögn er um að kofinn hafi verið byggður yfir einstæðings konu sem Sigríður hét. Var hún kölluð Naustakofa-Sigga, og muna nú elstu menn enn eftir henni. Á þessum kofarústum byggði svo Eiríkur Einarsson hús um aldamótin 1900 og þar er búið ennþá(1971). Kallaði hann þennan bústað sinn Berlín. |

Hættumat: Naustakofi, er meira en 100 ára gamall, og er telst því fornleif, samkvæmt 16. gr. Þjóðminjalaga um skilgreiningu fornleifa, sjá bls. 2-3.

Heimild: Örnefnastofnun, Skagafjarðarsýsla Hofsóshreppur, Naust; Jóhann Ólafsson skráði 1971
Staðsetning sjá fylgiskjal 4

74

Tegund minja: Sjóbúð/horfið

Hlutverk: Sjóbúð

Landareign: Hofsós/Naust

Sérheiti: Naust

Lega: N: 65°54215 V: 19°25755

Staðhættir: Á brekkubrún við flæðarmálið.

Lýsing: Sjóbúðin horfin.

Aðrar upplýsingar: Sjóbúðin sem þarna stóð var hlaðin úr torfi og grjóti. Núverandi hús er byggt á sama stað, og sést því ekkert til fyrri byggingar.

Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson í október 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 4



Mynd 54. Hleðsla, sjóvarnargarður fyrir miðri mynd, fremst á myndinni útafliggjandi stuðlaberg í fjörunni. Torfhleðslan efst á myndinni var hlaðin sumarið 2000 við húsið á Naustum. Horft í austur.
Ljósm. K.G. júlí 2000

75

Tegund minja: Hleðsla/veggur

Hlutverk: Sjóvarnargarður

Landareign: Hofsós
Sérheiti: Naust
Lega: N: 65°54200 V: 19°25830
Staðhættir: Niður í flæðarmálinu, við húsið (sumarbústaðinn) á Naustum.
Lýsing: Veggurinn er 3 – 4 m langur , hleðsluhæð um 2 – 3 m. Hann er hlaðin utan í brekkuna fyrir neðan húsið, sem varnargarður fyrir sjógangi.
Aðrar upplýsingar: Sjóvarnargarðurinn var hlaðin af Ólafi Jóhannssyni
Hættumat: Hætta vegna ábúðar og sjógangs.
Heimild: Vettvangskönnun í júlí 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 4

76

Tegund minja: Tóft/óljós
Hlutverk: Óþekkt
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Naust/Borgin
Lega: N: 65°54230 V: 19°25794
Staðhættir: Norðan megin á hólnum sem kölluð er Borgin.
Lýsing: Þarna sést í einhverskonar hleðslu sem er 3 x 3.5 m, langhliðin er norður-suður. Hleðslan eða veggirnir er mjög grasi gróin, og hæðin á veggjum um 0.3 m.
Aðrar upplýsingar: Þarna er ekki vitað um að hafa staðið byggingar.
Hættumat: Hætta af ábúð
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í september 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 4

77

Tegund minja: Tóft/óljós
Hlutverk: Óþekkt
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Naust
Lega: N: 65°54232 V: 19°25816
Staðhættir: Um 100 m í norður frá Naustum, á smá hæðardragi.
Lýsing: Mjög óljós hleðsla, ef um hleðslu er að ræða.
Aðrar upplýsingar: Þarna er ekki vitað um að hafi staðið neinarbyggingar.
Hættumat: Hætta af ábúð
Heimild: Vettvangsathugun í september 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 4

78

Tegund minja: Tóft/óljós
Hlutverk: Óþekkt
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Naust
Lega: N: 65°54232 V: 19°25816
Staðhættir: Um 50 m í austur frá Naustum
Lýsing: Mjög óljós hleðsla, ef um hleðslu er að ræða.
Aðrar upplýsingar: Þarna er ekki vitað um að hafi verið byggingar.
Hættumat: Hætta af ábúð

Heimild: Vettvangsathugun í september 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 4

79

Tegund minja: Hús
Hlutverk: Bústaður
Landareign: Hofsósi
Sérheiti: Nýibær
Lega: N: 65°53054 V: 19°25203
Staðhættir: Húsið stendur sunnan Norðurbrautar, austan við Grund I
Lýsing: Timburhús, járnklætt á einni hæð, með 60 m² gólflöt.
Aðrar upplýsingar: Upphaflega var *Nýibær torfbær sem stóð austan við Brekku*, var austurveggur Brekku sem var all þykkur, vesturveggur Nýjabæjar, austurveggur Brekku var síðan steinsteyptur myndaðist þá smá sund á milli húsana. Síðan var byggt timburhús ofan á torfbæinn, og var austasti hluti þess skáli úr torfi. Árið 1935 var það síðan flutt í flekum á þann stað sem það stendur á núna, sunnan Norðurbrautar.
Hættumat: Til athugunar ef eitthvert jarðrask verður á þeim stað sem Nýibær stóð upphaflega á.
Heimild: Sveitafélagið Skagafjörður Deiliskipulag fyrir Plássið, Sandinn, Brekkuna og Bakkann á Hofsósi. Greinagerð október 1999, Arkitektárni.
Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í október 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 4

NÖF 80-81

Í Jarða og Búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958,
er Nöf talið þurrabúðarbýli, frá Hofi.

Jarða og Búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781-1958, 4 hefti bls. 49. Sögufélag Skagfirðinga
1959.

80

Tegund minja: Torfbær/horfinn

Hlutverk: Bústaður

Landareign: Hofsós

Sérheiti: Nöf

Lega: N: 65°53939 V: 19°25404

Staðhættir: Nöf stóð í miðri götu, rétt fyrir ofan Norðurhafnargarðinn.

Lýsing: Ekkert sést af bæ þessum.

Aðrar upplýsingar: Bærinn Nöf stóð það nálægt sjónum, að í vondum veðrum og stórbrimi gekk sjór yfir og allt í kringum hann.

Síðustu ábúendur á Nöf voru Þorsteinn Jónsson og kona hans Sigríður Sigurjónsdóttir, þau fluttu að Lyngholti, þegar vinna hófst við vestari hafnargarðinn en vegurinn að honum er u.þ.b. á þeim stað sem bærinn stóð.

Foreldrar Skafta Stefánssonar sem kenndur er við Nöf, þau Dýrleif Einarisdóttir og Stefán Pétursson fluttu frá Málmey 1907, og settust að í kofaræksni með óræktar túnkraga í eigu hreppsins sem hét Nöf. Það má lesa meira um Skafta í Nöf, í Skagfirðingabók nr. 23, 1994, í grein eftir Kristmund Bjarnason, sem heitir: “Af Skafta í Nöf og skyldliði” (Nafarhús sjá nr. 65)

Heimild: Viðtal Jakob Einarsson, Brekku Hofsósi í júlí 2000

Skagfirðingabók nr. 23, 1994, í grein eftir Kristmund Bjarnason, sem heitir: “Af Skafta í Nöf og skyldliði”

Staðsetning sjá fylgiskjal 3

81

Tegund minja: Brunnur/horfinn

Hlutverk: Vatnsból

Landareign: Hofsós

Lega: N: 65°53963 V: 19°25366

Staðhættir: Í brekkunni um 5-6 m í austur upp af undirstöðum olfugeymis, sem er undir brekkunni.

Lýsing: Brunnurinn hefur verið fylltur svo aðeins sést smá lægð í brekkunni þar sem hann var, um 1 m í þvermál.

Aðrar upplýsingar: Brunnur þessi var notaður frá Nöf.

Hættumat: Hætta ef jarðrask verður á þessu svæði.

Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í janúar 2001

Staðsetning sjá fylgiskjal 3

82

Tegund minja: Hús/timbur

Hlutverk: Pakkhús/geymsla

Landareign: Hofsós

Sérheiti: Pakkhús

Lega: N: 65°53949 V: 19°25044
Staðhættir: Stendur á bökkum Hofsár, niður í Plássinu.
Lýsing: Stokkbyggt bjálkahús, allt tjargað að utan, með bröttu þaki
Aðrar upplýsingar: Húsið er eitt af elstu húsum á landinu, reist 1773 (eða 1772-77).
Það er stokkbyggt bjálkahús af dansk-íslenskri gerð. Það kom tilhöggvið til landsins og var reist á Hofsósi af hinni konunglegu Grænland-Íslandsverslun. Árið 1990 var gert við Pakkhúsið
Hættumat: Húsið er friðlýst frá 1. janúar 1990, og eign Þjóminjasafns Íslands.
Heimild: Bæjar og Húsakönnun, Brekkan, Sandurinn, Plássíð, Bakkinn:
Húsfriðunarnefnd ríkisins, Sveitafélagið Skagafjörður, október 1999.
Sést á ljósmynd af Hofsósi frá 1910-1914, varðveitt á HSk
Mynd á bls. 23 er Pakkhúsið nr. 8
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

83

Tegund minja: Hús/horfið
Hlutverk: Sölubúð
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Poppverslun
Lega: N:65°53961 V: 19°25021
Staðhættir: Hefur staðið rétt vestan við húsið Svalbarð í Plássinu.
Lýsing: Húsið brann 17. janúar 1907
Aðrar upplýsingar: Eftir að húsið brann, var Vilhelmsbúð sem stóð í Grafarósi sett niður á sama stað. Sjá Vilhelmsbúð nr. 106

Á Skjalasafni Skagfirðinga er til lýsing á Poppversluninni, sem höfð var til viðmiðunar fyrir brunamat frá 1. maí 1907.

Hofsós: Bruni Sölubúðar Poppverslunar á Hofsós. 17. janúar 1907.

Talið var að þar hefði verið um íkveikju og einhverju stolið úr búðinni áður en í var kveikt. 1. maí 1907 var gerð eftirfarandi lýsing á húsinu: Eftir ósk hr. kaupmanns Chr. Popp á Sauðárkróki, erum við undirskrifaðir: ég hreppstjóri Jón Konráðsson í Bæ og ég trésmiður Gísli Páll Sigmundsson á Ljótstöðum staddir í Hofsósi til þess að gjöra lýsingu á Sölubúð L. Popp verslunar á Hofsósi svo og til þess að meta og virða sölubúð þessa til peningaverðs eins og hún var áður en brann þann 17. jan. s.l. Lýsing þessi og virðing getum við ekki gjört nákvæmlega þar eð við verðum að gera það eftir minni, en þess skal getið að við vorum húsinu vel kunnugir.

Lýsing og virðingar gjört sem hér segir:

Húsið var að stærð 24 x 13 álnir. Með hér um bil 12 sperrum og var sperrukjálki ca 11 álnir og stoðarhæð ca 3 ¼ ál. Grind hússins sperrur, stoðir, bitar og fótstykki voru úr ca 6 x 6 trjám. Utan á grind hússins var klæðning úr borðum sem var bikað utan með tjöru. Á sperrur var sett skarsúð úr borðum og þar yfir setta borða þak sem var einnig bikað utan.

Niðri var húsið þiljað sundur, þannig að ytri endi þess 10 x 13 álnir, var notað sem pakkhús og í þeim enda var afþiljað herbergi (kontor) í pakkhúsi þessu var stigi til lofts. Suðurendi hússins 14 x 13 álnir var innréttuð fyrir sölubúð með skápum, hillum og skúffum og diskum. Þessi hluti hússins var allur málaður. Á húsinu niðri voru 6 gluggar með 6 rúðum hver 3 gluggar minni. Uppi á lofti voru 2 glugga með 6 rúðum hver. Tvær útidyr voru á húsinu, aðrar á sölubúðinni og hinar á pakkhúsinu. Á lofti hússins var þiljað í sundur, og á suðurenda loftsins var slegið upp hillum til geymslu fyrir varning, yfir þessum parti var einnig annað loft (efra loft).

Þrátt fyrir það þó hús þetta væri orðið mjög gamalt var talsvert af viðum þess lítt fúíð og jafnvel sumt ófúíð einkum aflviðir sem voru svo mjög efnismiklir og sérstakl. viðgóðir. Þannig útlítandi eins og við höfum lýst húsi þessu eins og það var fyrir brunann þ. 17. jan. virðist okkur húsið hæfilega virt peninga á kr. 2150.00. Þessa okkar lýsingu og virðingu höfum við gjört eftir okkar bestu sannfæringu eftir því sem við getum best munað.

Hofsósi 1. maí 1907, J. Konráðsson, Gísli P. Sigmundsson.

Peningaskápar sem tilheyrði Poppversluninni komst í eigu Jakobs Símonarsonar á Brekku eftir brunann, síðan eignaðist Margrét Guðmundsdóttir á Brekku skápinn, hann var síðan seldur Verslun Einars Jóhannssonar (ENKO) á Siglufirði. Skápurinn var það þungur að það var varla fyrir einn mann að bera hann, þá var læsingin á honum vel falinn, var ekki fyrir ókunnungu að koma auga á hana. (Jakob Einarsson Brekku).

Hættumat: Ef röskun verður á þessum stað ætti hún að fara fram í viðveru fornleifafræðings.

Heimild: Björn Jónsson bóndi á Bæ á Höfðaströnd:
syrpur Framhald. 3. bók. bls.75- 76.: Hsk. 2130,4to
Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í janúar 2001
Grafarósi 31. Ágúst 1901 Konráð Jónsson hreppstjóri, Gísli P. Sigmundsson trésmiður
Heimild: Hsk.
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

84

Tegund minja: Rafstöð/horfin
Hlutverk: Rafstöð
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Rafstöð
Lega: N: 65°53952 V: 19°25063
Staðhættir: Norðan við Pakkhúsið
Lýsing: Tvær steinsteypar gólfplötur eru eftir er af rafstöðinni, önnur er 10 x 14 m, og hin sem er næst ánni er 4 x 6 m, á milli þeirra eru tröppur með 8 þrepum, hæðarmismunur um 1.5 m.

Aðrar upplýsingar Rafstöðin var rifin fyrir 1970
Hættumat: Hætta af jarðraski
Heimild: Bæjar og Húsakönnum, Brekkan, Sandurinn, Plássið, Bakkinn:
Húsfriðunarnefnd ríkisins, Sveitafélagið Skagafjörður, október 1999.
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

85

Tegund minja: Skúrar/horfnir
Hlutverk: Geymsluskúrar KASH (Kaupfélag Austur Skagfirðinga Hofsósi)
Landareign: Hofsósi
Sérheiti: Pöntunarskúrar
Lega: N: 65°53933 V: 19°25042
Staðhættir: Í suður frá Pakkhúsinu
Lýsing: Ekkert sést af skúrum þessum. Þarna er nú sandfjara
Aðrar upplýsingar: Þarna voru fyrstu Sölubúðir KASH
Heimild: Sést á ljósmynd af Hofsósi frá 1910-1914, varðveitt á HSk, með
skýringartexta frá Birni í Bæ.
Myndin er á bls. 23. Pöntunarskúrar/geymsluskúrar KASH, nr. 7
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

86

Tegund minja: Skúr/horfinn
Hlutverk: Óþekkt/Sláturhús
Landareign: Hofsósi
Lega: N: 65°53959 V: 19°25061
Staðhættir: Við norð-austurhlið á Pakkhúsinu
Lýsing: Er alveg horfinn.
Aðrar upplýsingar: Á mynd frá 1914-1914 snýr skúrin þvert á langhlið Pakkhússins,
sá skúr hefur síðan verið rifin, og annar byggður. Sá var sláturhús,
og snýr eins og húsið. Það sést á mynd sem hefur verið tekin fyrir
1930
Heimild: Sést á ljósmynd af Hofsósi frá 1910-1914, varðveitt á HSk
Myndin er á bls. 23. Pakkhús nr. 8, skúrin við norð-austur hlið
Pakkhússins.
og ljósmynd frá fyrir 1930, sem er á bls. 23.
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

87

Tegund minja: Hús/timbur
Hlutverk: Bústaður
Landareign: Hofsósi
Sérheiti: Síða
Lega: N: 65°53941 V: 19°24981
Staðhættir: Það stendur vestan í brekkunni fyrir ofan Sólvík (Baldurshaga)
Lýsing: Timburhús á tveimur hæðum gólflötur um 63 m²
Aðrar upplýsingar: Húsið er frá 1905, og var smíðað af Jakobi Símonarsyni og Halli
Einarssyni. Þarna bjó m.a. Hallur Einarsson f. 1870-d.1956,
sjómaður og grjóthleðslumaður. Nr. 4 á mynd bls. 23

Húsið hefur verið klætt að utan með álklaðningu, og að innan er það klætt með krossvið, en upphaflegu viðir hússins eru þó í því. Eigandi frá 1997 er Valgeri Þorvaldsson á Vatni.

- Hættumat:** Húsinu hefur verið breytt mikið en hefur sína upphaflegu viði, ætti því að fara með allar breytingar samkvæmt Þjóðminjalögum frá 1989, nr. 88,29. maí með síðari breytingum. Í V. kafla, 36. gr. bls. 45; segir svo: skylt er eigendum húsa, sem reist eru fyrir árið 1918 að tilkynna minjavörðum og húsfriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flyta það eða rífa.
- Heimild:** Sveitafélagið Skagafjörður Deiliskipulag fyrir Plássíð, Sandinn, Brekkuna og Bakkann á Hofsósi. Greinagerð október 1999, Arkitektárni.
- Viðtal við Hjálmar Sigmarsson Hólkoti í sept. 2000.
Viðtal við Valgeir Þorvaldsson í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

88

- Tegund minja:** Hús/horfið
Hlutverk: Sláturhús
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Gamla sláturhúsið
Lega: N: 65°53964 V: 19°25100
Staðhættir: Hús þetta stóð suðvestan við brúnna á Hofsá.
Lýsing: Ekkert sést af húsinu nema steypur tröppur sem eru í austur, og frá þeim er steypur veggur sem er í suður-norður.
Heimild: Gamla sláturhúsið sést á mynd frá Hofsósi frá 1957, sem er varðveitt á HSk.
Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku Hofsósi í sept. 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

89

- Tegund minja:** Torfbær/horfinn
Hlutverk: Sjóbúð
Landareign: Hofsós
Lega: N: 65°53970 V: 19°25107
Staðhættir: Norð-vestan við göngubrúna á Hofsá.
Lýsing: Þarna hefur verið sléttað, og sést því ekkert af torfbænum.
Aðrar upplýsingar: Er nr. 9 á mynd á bls. 23.
Hættumat: Athuga ef jarðrask verður á þessu svæði, þarna gætu verið hleðslur.
Heimild: Sést á ljósmynd af Hofsósi sem tekin er fyrir 1930, varðveitt á HSk.
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

90

- Tegund minja:** Timburbyggingar/horfnar
Hlutverk: Sjóbúðir
Landareign: Hofsós
Lega: N: 65°53964 V: 19°25272
Staðhættir: Hafa staðið vestan við Vesturfarasetrið, Sand, í fjörunni.
Lýsing: Ekkert sést af húsum þessum vegna sléttunar á staðnum
Aðrar upplýsingar: Sjóbúðirnar voru rifnar á árunum 1940-1950. Þetta voru járnklæddir skúrar flestir með risi. Í þeim var verkaður saltfiskur allt til 1942.

Heimild: Sést á ljósmynd af Hofsósi varðveitt á HSk. Sést á mynd á bls. 34. Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku Hofsósi í sept. 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3.

91

Tegund minja: Torfhús/horfið
Hlutverk: Sjóbúð/ hesthús
Landareign: Hofsósi
Sérheiti: Sjóbúð
Lega: N: 65°53964 V: 19°25041
Staðhættir: Hefur staðið við göngubrúna á Hofsósi, þar sem er bílastæði núna.
Lýsing: Þarna hefur verið sléttað, og sést því ekkert af sjóbúðinni.
Aðrar upplýsingar: Í skjölum Jóns Jónssonar á Hofi, er mat á nýbyggðri sjóbúð ásamt lóðarbletti sem skal fylgja með frá 30. júní 1918, undirritað af Jakobi Símonarsyni ásamt vottum, en hann átti sjóbúðina, hún varð síðar eign Margrétar Guðmundsdóttur á Brekku.

Hættumat: Hætta ef eitthvað jarðrask verður á þessum stað.
Heimild: HSk. 376/dio: Skjöl Jóns Jónssonar á Hofi.
Sést á ljósmynd af Hofsósi frá 1910-1914, varðveitt á HSk
Myndin er á bls. 23. Sjóbúð/hesthús nr. 9
Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í október 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

92

Tegund minja: Skúr/beitingaskúr/horfið
Hlutverk: Beitingaskúr
Landareign: Hofsósi
Lega: N: 65°53961 V: 19°25050
Staðhættir: Var byggður undir brúna á Hofsósi, norðvestan megin,
Lýsing: Skúrin er horfinn en hann var byggður undir brúna, þannig að fjórða hlið skúrsins var brúarveggurinn.
Sem var aðeins í nokkur ár þarna.
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í október 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

93

Tegund minja: Hús/horfið
Hlutverk: Skóli/þinghús/bókasafn
Landareign: Hofsósi
Lega: N: 65°53822 V: 19°24906
Staðhættir: Hefur staðið austan Suðurbrautar fyrir framan húsin nr 3-5
Lýsing: Horfið
Aðrar upplýsingar: Hús þetta brann 4. mars 1950. Það var timburhús á einni hæð, með steiptum grunni, seinna var byggður inngangur við það að austan. Bókasafnið sem var í húsinu brann allt.
Hús þetta sést á mynd sem tekin er af Hofsósi 1910-1914, bls. 23, og er þar nr.5. Myndin er varðveitt á HSk.
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í október 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

94

Tegund minja: Bryggja/horfin
Hlutverk: Bryggja
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Slippur
Lega: N: 65°53909 V: 19°25024
Staðhættir: Lá út í sjóinn frá húsinu Sæbergi sem stendur syðst niður í Plássinu.
Lýsing: Ekkert sést af bryggju þessari.
Aðrar upplýsingar: Bryggja þessi var í notkun á árunum 1936-1938, þetta var trébryggja, sem síðan brotnaði niður og hvarf í sjóinn. Bryggjan var notuð til að renna steiptum kerjum sem voru 5-6 m á hæð, og 5 m á kant og í sjó fram, þegar steipt voru kerin í vesturbryggjuna, og vegna þessarar rennu fékk það heitið Slippur.
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku Hofsósi í sept. 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

95

Tegund minja: Smiðja/horfin
Hlutverk: Smiðja
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Mannasmiðja
Lega: N: 65°53888 V: 19°24789
Staðhættir: Var þar sem er Kárastígur 8
Lýsing: Ekkert sést vegna af smiðjunni, þar sem Kárastígur 8 var byggt á sama stað.
Aðrar upplýsingar: Smiðjuna átti Guðmann Helgason járnsmiður og eldsmiður.
Heimild: Viðtal við Hjalta Gíslason á Hofsósi í júlí 2000, og Jakob Einarsson á Brekku Hofsósi í sept. 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

96

Tegund minja: Hús
Hlutverk: Heimili
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Sólvangur
Lega: N: 65°53941 V: 19°24989
Staðhættir: Er austan við götuna sem liggur niður í Plássið, á móts við húsið Braut sem er vestan vegar.
Lýsing: Járnlætt timburhús á 3 hæðum
Aðrar upplýsingar: Viðir í húsinu taldir hafa komið frá einhverju húsi sem var rifið í Grafarósi. Það voru bræðurnir Jakob og Sigurður Símonarsynir sem áttu nyrðri hluta hússins, og byggðu hann upp, og bjó Sigurður síðan þar. Syðri hlutann átti svo Árni -skó.
Samkvæmt fasteignamati er húsið sagt byggt 1902.
Það er úr timbri, og er 3 hæða. Seinna var byggt við húsið til austurs Núverandi eigandi þess er Haukur Ingólfsson
Hættumat: Sólvangur nálgast að verða 100 ára gamalt hús, verður það 2002, en það byggt 1902, og er telst því fornleif, eftir það samkvæmt 16. gr. þjóðminjalaga um skilgreiningu fornleifa, sjá bls. 2-3.
Heimild: Viðtal við Gunnar Baldvinsson í jan. 2001

Sveitafélagið Skagafjörður/Deiluskipulag fyrir Plássið, Sandinn, Brekkuna og Bakkann á Hofsósi, í október 1999
Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

97

Tegund minja: Hús
Hlutverk: Heimili
Landareign: Hofsósi
Sérheiti: Staðarbjörg
Lega: N: 65°53784 V: 19°24567
Staðhættir: Húsið stendur á horninu á Suðurbraut og Kirkjugötu, og er Kirkjugata 1.
Lýsing: Húsið er 9 x 5, forskalað timburhús með kjallara og smá risi.
Aðrar upplýsingar: Í fasteignamati frá 1917 segir að Staðarbjörg sé þurrabúð og eigandi og ábúandi sé Jón Jónsson.
Staðarbjörg var líklega byggt 1915. Hluti af húsinu var flutt ofan frá Nýlendi, síðan var það stækkað. Íbúðarhúsið var úr timbri og torfi. Húsið er nú í eigu barna Þórhalls Ástvaldssonar og Helgu Friðbjarnardóttur sem síðast bjuggu þar.
Hættumat: Samkvæmt Þjóðminjalögum frá 1989, nr. 88,29. maí með síðari breytingum. Í V. kafla, 36. gr. bls. 45.
segir svo.: skylt er eigendum húsa, sem reist eru fyrir árið 1918 að tilkynna minjavörðum og húsfriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta rífa húsi sínu, eða flyta það.
Heimild: Fasteignamat, fylgiskjal 51 og 107 frá 1916-1918
Staðsetning sjá fylgiskjal 3.

98

Tegund minja: Hús
Hlutverk: Heimili
Landareign: Hofsósi
Sérheiti: Sunnuhvoll
Lega: N: 65°54006 V: 19°25284
Staðhættir: Húsið stendur á Brekkunni, í austur frá Brekku, næst kemur Jóngrund og síðan Sunnuhvoll
Lýsing: Húsið er úr timbri á tveimur hæðum um 8 x 4 m að grunnfleti. Húsið er bárujárnsklætt með háreistum mæni, og dálitlu porti.
Aðrar upplýsingar: Húsið var smíðað af Jakobi Símonarsyni, árið 1900, endurbætt og stækkað af Magnúsi Einarssyni, og síðast af núverandi eiganda Eysteini Jónssyni, það hefur verið byggt við það viðbygging að norðan með skúrþaki sem hefur heldur stærri grunnflöt en upphaflega húsið, þá hefur gluggum verið breytt. Húsið er einfalt og án skrauts, enginn skorsteinn er á húsinu núna. Sunnuhvoll er hluti af byggðarmynstrinu á Brekkunni, þar sem eru lítil hús á stórum lóðum.
Hættumat: Húsið Sunnuhvoll er meira en 100 ára gamalt og er því fornleif samkvæmt 16. gr. þjóðminjalaga um skilgreiningu fornleifa, sjá bls. 2-3
Heimild: Bæjar og húsakönnun, Brekkan, Sandurinn, Plássið, Bakkinn: Húsfriðunarnefnd ríkisins, Sveitafélagið Skagafjörður, október 1999.

Sveitafélagið Skagafjörður: Deiliskipulag fyrir Plássið, Sandinn, Brekkuna og Bakkann á Hofsi. Greinagerð
október 1999
Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í október 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

99

Tegund minja: Undirstöður/steyptar
Hlutverk: Bensíndæla og tankur
Landareign: Hofsi
Lega: N: 65°53938 V: 19°25041
Staðhættir: Rétt sunnan við Pakkhúsið.
Lýsing: Steyptur kantur um 0.30 m á hæð og út frá honum u-laga kantur um 0.8 x 0.50 m
Aðrar upplýsingar: Þarna var bensíndæla og tankur frá Esso.
Hættumat: Hætta af jarðraski
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í október 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 5

100

Tegund minja: Undirstaða/ steypt
Hlutverk: Olútankur/undirstaða
Landareign: Hofsi
Lega: N:65°53961 V: 19°25366
Staðhættir: Norðan við Nafarbæinn
Lýsing: Hringlaga steinsteypt undirstaða, um 0.8 á hæð og ummál um 24 m
Aðrar upplýsingar: Þarna voru um tíma 2 aðrir tankar sá fyrsti kom 1949.
Undirstöður þær sem enn eru þarna, eru frá síðasta tankinum. Hann var fjarlægður 15. ágúst 1997
Hættumat: Hætta af ábúð
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku Hofsi í sept. 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 3

101

Tegund minja: Vað
Hlutverk: Vað/leið
Landareign: Hofsi
Sérheiti: Fljótamannavað
Lega: N: 65°54263 V: 19°23756
Staðhættir: Um 50 – 60 m í vestur niður af frá brúnni yfir Hofsi á Siglufjarðarveginum, samsvarandi vegalengd niður með báðum bökkum árinna
Lýsing: Vaðið liggur yfir ána þar sem hún er ekki mjög grýtt. Það sést ekki móta fyrir troðningum eða götuslóðum upp frá vaðinu.
Hættumat: Engin hættur.
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 4

102

Tegund minja: Vað
Hlutverk: Vað/leið
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Grafarárvað
Lega: N: 65°53308 V: 19°23815
Staðhættir: Er í suð-vestur frá fjárhúsrústum sem þarna eru, og var áður bærinn Braut, á bökkum Grafarár sem rennur saman við ána
Lýsing: Það er ekkert í umhverfinu sem sýnir hvar vaðið er, áin er ekki stórgrýtt á þeim stað sem það er. Á suðurbakkanum sem tilheyrir landareign Grafar, sést móta fyrir vegaslóða til austur og vestur.
Hættumat: Engin hætta.
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 3.

103

Tegund minja: Hleðsla
Hlutverk: Varnargarður
Landareign: Hofsós
Lega: N: 65°53965 V: 19°25108
Staðhættir: Vestan við Göngubrúna að sunnanverðu við Hofsána.
Lýsing: Grágrýtissteinar sem eru í vegghleðslunni. Hleðslan er um 17 m löng, og er austurendi hennar um 2 m á hæð, en sá vestari allt að 4 m.
Aðrar upplýsingar: Varnarveggur þessi er hlaðinn af Halli Einarssyni sem bjó á Síðu og Kristjáni Ágústssyni
Hættumat: Hætta af ábúð
Heimild: Viðtal við Hjálmar Sigmarsson Hólkoti og Jakob Einarsson Brekku í sept 2000
Staðsetning sjá fylgiskjal 5



Mynd 55. Vegghleðsla neðan við húsið Sæberg til vinstri, horf í suð-austur
Í brekkunni má sjá móta fyrir matjurtagörðum (Sjá nr. 61). Ljós. K.G. sept 2000

104

Tegund minja: Hleðsla/varnarveggur
Hlutverk: Varnarveggur
Landareign: Hofsós
Lega: N: 65°53911 V: 19°25024
Staðhættir: Hleðsla þessi er fyrir neðan húsin Brimnes og Sæberg
Lýsing: Hleðslan er öll er um 35 m löng, hleðsluhæð er nyrst allt að 2 m, en syðri hluti hennar er um 1m.
Hættumat: Hætta af ábúð
Heimild: Vettvangskönnun í september 2000
 Staðsetning sjá fylgiskjal 5

105

Tegund minja: Hús/timbur, steiptur kjallari
Hlutverk: Safn/áður í eigu Kaupfélags Austur Skagfirðinga
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Vesturfarasetrið/Sandur
Lega: N: 65°53974 V: 19°25212
Staðhættir: Stendur á Sandinum, rétt við fjöruna undir hárrí brekku.
Lýsing: Timburhús á steiptum kjallara, 3 hæðir, gólflötur, alls 345 m²
Aðrar upplýsingar: Húsið Sandur er byggt árið 1912, enendurgert árið 1995. Húsið er portbyggt hæð úr timbri á steiptum kjallara. Vatnasklæðning er á húsinu og nokkuð skraut umhverfis glugga, útskorin sökkulbretti og listi undirgluggum á honum. Á þaki er bárujár. Gluggar eru ein-og tvíþósta með 2-4 rúðum í ramma. Vestan við húsið hafa verið byggð minni hús, þar sem áður stóðu sjóbúðir. Hús þetta var lengi í eigu Kaupfélags Austur – Skagfirðinga. Núna er í húsinu Vesturfarasetrið, með upplýsingamiðstöð, sýningum, bókasafni og skrifstofu o.fl.
Hættumat: Húsið er byggt 1912, á því voru gerðar miklar endurbætur, árið 1994, og er því í mjög góðu ástandi. Húsið heyrir undir Þjóðminjalögum frá 1989, nr. 88, 29. maí með síðari breytingum. Í V. kafla, 36. gr. bls. 45.
 segir svo.: skylt er eigendum húsa, sem reist eru fyrir árið 1918 að tilkynna minjavörðum og húsfriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta rífa húsi sínu, eða flyta það.
Heimild: Hofsós. Bæjar- & Húsakönnun; Brekkan, Sandurinn, Plássíð, Bakkinn.
 Húsfriðunarnefnd ríkisins.
 Sveitafélagið Skagafjörður, október 1999
 Staðsetning sjá fylgiskjal 3



Mynd 56. Vilhelmsbúð eins og hún er í dag, horft í norð-austur
Ljósm. K.G. sept. 2000

Það má sjá Vilhelmsbúð á mynd númer 25, þar sem hún stendur á sínum fyrri stað, lengst til vinstri fyrir miðri mynd númer 26 þar sem hún er til vinstri fyrir miðri mynd.

106

Tegund minja: Hús/verslun

Hlutverk: Verslun

Landareign: Hofsós

Sérheiti: Vilhelmsbúð

Lega: N: 65°53961 V: 19°25021

Staðhættir: Hefur staðið rétt vestan við Svalbarð í Plássinu.

Lýsing: Húsið var flutt og sléttað hefur verið á staðnum þar sem það stóð áður

Aðrar upplýsingar: Þar sem verslun var lögð af í Grafarósi 1915, þá voru húsin þar tekin niður og sum þeirra flutt í Hofsós.

Vilhelm Erlendsson flutti Vilhelmsbúð frá Grafarósi í Hofsós. Húsið var sett niður á sama stað og Poppverslun hafði staðið, en það hús brann 1907. (Poppverslun, sjá nr. 83)

Á mynd frá 1925, má sjá hvar Vilhelmsbúð stóð í Plássinu.. Hún var síðan flutt, og er nú norðan Skólabrautar, aðeins austar en barnaskólinn.

Núverandi lega: N: 65°53911 V: 19°24611. Vilhelmsbúð er nú í eigu hjálparveitarinnar á Hofsósi.

Hættumat: Þar sem Vilhelmsbúð hefur upphaflega staðið í Grafarós, en er flutt þaðan þegar verslun þar er lögð niður 1915. Það má því ætla að Vilhelmsbúð sé eldri en 100 ára og er því fornleif samkvæmt 16. gr. þjóðminjalaga um skilgreiningu fornleifa, sjá bls. 2-3.

Húsið er nokkuð heillegt ennþá, en það þyrfti að stuðla að því að bjarga því áður en það verður of seint.

Heimild: Ljósmynd frá Hofsósi 1925, HSk.

Viðtal við Jakob Einarsson á Bakka Hofsósi í sept. 2000

Staðsetning sjá fylgiskjal 5


ÞANGSTAÐIR 107-108



Mynd 57. Þangstaðir mjög óskýrt fyrir miðri mynd, húsið til hægri er vigtarhús. Mynd í eigu Jakobs Einarssonar tekin í kringum 1980.

107

- Tegund minja:** Torfbær/horfinn
Hlutverk: Bústaður
Landareign: Hofsós
Sérheiti: Þangstaðir
Lega: N: 65°54038 V: 19°25430
Staðhættir: Í austur upp af Frystihúsinu, stendur nú steinsteypt lítið hús á einni hæð, með valmapaki
Lýsing: Ekkert sést af Þangstöðum
Aðrar upplýsingar: Í Bændatali fyrir Hofsókn Segir að Jón Gestsson og kona hans Hólfríður Þorvaldsdóttir, sem höfðu verið í húsmennsku í Háagerði og að síðustu á Nöf. Í Skagfirzkum æviskrám er sagt frá að þau hafi búið á Háleggstöðum, en brugðu búi árið 1898, og fluttu í Hofsós, og byggðu sér þar torfbæ, sem nefndur var Þangstaðir. Síðasti ábúandi á Þangstöðum var Pétur Jónsson, hann var formaður Ungmennafélags Hofshrepps, sem m.a. stóð fyrir byggingu Ungmennafélagshússins Skjaldborgar
Hættumat: Engin hættu.
Heimild: Bændatal fyrir Hofsókn, eftir séra Pálmi Þóroddson, HSk. 7-8 4 to
Viðtal við Hjálmar Sigmarsson, Hólkoti í september 2000
Viðtal við Jakob Einarsson, Brekku í október 2000
Skagfirsk fræði; Skagfirzkar æviskrár, tímabilið 1890-1910 II, bls. 154. Sögufélag Skagfirðinga 1966
Staðsetning sjá fylgiskjal 4



Mynd 58. Flatarteikning af Þangstaðabænum gerð eftir frásögn Jakobs Einarssonar í október 2000. Teikn. K.G. 2000.

108

- Tegund minja:** Brunnur/horfinn
Hlutverk: Brunnur
Landareign: Hofsós
Lega: N: 65°54854 V: 19°25452
Staðhættir: Brunnur þessi var við norð-austur horn Þangstaða
Lýsing: Brunnurinn sést ekki en hægt er að finna hann ef að er gáð, Hann er hlaðinn.
Hættumat: Ef eitthvert jarðrask verður á þessum stað ætti að huga að brunninum
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson, Brekku í október 2000
 Staðsetning sjá fylgiskjal 4

109

- Tegund minja:** Þró/horfin
Hlutverk: Gorþró
Landareign: Hofsós
Lega: N: 65°53952 V: 19°25063
Staðhættir: Þar sem er steinsteypt gólfplata frá Rafstöð sem var rifin fyrir 1970
Lýsing: Horfin
Aðrar upplýsingar: Gorþróin var norðan við sláturhús sem var sambyggt við Pakkhúsið
Hættumat: Á þessum stað var síðan byggð rafstöð, og þekja steyptar gólfplötur sem en standa eftir þetta svæði.
Heimild: Sést á ljósmynd af Hofsósi fyrir 1930, varðveitt á HSk
 Viðtal Jakob Einarsson, Brekku Hofsósi í júlí 2000
 Staðsetning sjá fylgiskjal 5

110

Tegund minja: Öskuhaugur/horfinn
Hlutverk: Öskuhaugur
Landareign: Hofsós
Lega: N: 65°54022 V: 19°24727
Staðhættir: Var á sama stað og húsið Landamót stendur á núna.
Lýsing: Ekkert sést af öskuhaugnum vegna hússins.
Aðrar upplýsingar: Áður en að húsið Landamót var byggt þarna árið 1935, var þarna öskuhaugur fyrir húsin á Brekkunni, m.a. Brekku.
Hættumat: Ef svo færi að húsið Landamót, sem er nú notað sem geymsla, yrði rífið, ætti að gæta að hafa aðgát að öskuhaugnum.
Heimild: Viðtal við Jakob Einarsson á Brekku í janúar 2001
Staðsetning sjá fylgiskjal 4

Fornleifaskrá

GRAFARÓS FRÁ 1-11

- 1 Tóft/ 1, íshús Grafaós
- 2 Tóft/ 2, bjóðgeymsla Grafaós
- 3 Tóft/ 3, Hallgrímshús Grafarós
- 4 Tóft/ 4, fjárhús Grafarós
- 5 Tóft/ 5, fjárhús Grafarós
- 6 Steinaröð/ 6, Svarta pakkhúsið Grafarós
- 7 Hleðsla/ 7, birgðaskemma Grafaós
- 8 Hleðsla/ 8, verslunarhús eða þvottahús Grafaós
- 9 Tóft / 9, Faktorshús Grafarós
- 10 Tóft/10, heimili Grafarós
- 11 Tóft/ 11, fjárhús Grafarós

HOFSÓS Frá 12 - 109

- 12 Álagablettur/náttúruminjar
- 13 Árbakki/ bústaður/horfinn

Ártún 14-18

- 14 Ártún/álagablettur
- 15 Ártún/bústaður/horfið
- 16 Ártún/túngarður/hleðsla
- 17 Ártún/stekkur/tóftarbrot
- 18 Ártún/matjurtagarður/

- 19 Baldurshagi/nú Sólvík/hús

Brekka 20-24

- 20 Brekka/hús/ bústaður
- 21 Brekka/brunnur
- 22 Brekka /grafreitir
- 23 Brekka /fjárhús/hlaða/fjós/smiðja
- 24 Brekka /útihús /smíðahús/beitingaskúr

- 25 Brunnur/Ungmennafélagsbrunnur/horfinn
- 26 Brunnur/ horfinn
- 27 Brunnur/við Sand (Vesturfarasetrið)
- 28 Brunnur/ við Grund 2 horfinn
- 29 Bryggja/horfin
- 30 Braut/bústaður/fjárhús/tóft
- 31 Brú /horfin/Grafarábrú
- 32 Brú, trébrú/horfin/Hofsá
- 33 Brú, hengibrú/göngubrú horfin /Hofsá
- 34 Brú/ steinsteypt/Hofsá
- 35 Faktorshúsið/bústaður verslunarstjórans
- 36 Fjárhús/ hesthús/sjóbúð
- 37 Fjárhús/ horfið/v/Kárastíg
- 38 Gata/troðningur

- 39 Gata/leið/ Naustagata
- 40 Gata/leið/v. Nafarhús
- 41 Gata/gönguleið/v/Sand
- 42 Grettistak/náttúruminjar/steinn
- 43 Grænamýri /timburhús/horfið
- 44 Hjarðarholt/ hús/tóft /fjánhús/hesthús
- 45 Hús/horfið austan við Grund I og 2

Hvammkot 46-54

- 46 Hvammkot /tóft/hleðsla 1:1 bústaður
- 47 Hvammkot /tóft /hleðsla 1:2 fjánhús?
- 48 Hvammkot/ tóft/hleðsla 1:3
- 49 Hvammkot /tóft/hleðsla 1:4
- 50 Hvammkot/ tóft/hleðsla 1:5
- 51 Hvammkot/ tóft/hleðsla 1:6
- 52 Hvammkot /tóftarbrot/hleðsla 1:7
- 53 Hvammkot/Geitagerði/tóft/fjánhús
- 54 Hvammkot/Geitagerði/túngarður/hleðsla

- 55 Hvassafell/ hús /heimili
- 56 Jóngrund/hús/timbur/steypa
- 57 Kerlingaleiði/ þúfa/munnmæli
- 58 Krambúð /timburhús/horfið
- 59 Legsteinn/ófullgerður
- 60 Læknishús, Bjarg hús/horfið
- 61 Matjurtagarðar/fyrir neðan/vestan Svalbarð
- 62 Matjurtagarður/ á móts við Grafarós í norður
- 63 Melar /torfbær/horfið
- 64 Gamla mjöhlúsið /hús/timbur horfið

Nafarhús 65-66

- 65 Nafarhús /hús/horfið að hluta
- 66 Brunnur/horfinn

Naust 67-78

- 67 Naust/Borgin náttúruminjar/Álagablettur
- 68 Naust/tóft/bústaður
- 69 Naust/tóft/hleðsla/fjánhús
- 70 Naust/tóft hleðsla, fjánhús
- 71 Naust, matjurtagarður/hleðsla
- 72 Naust, Grófarstekkur/hleðsla/stekkur
- 73 Naustakofi/ síðar Berlín/kofarúst/horfið
- 74 Naust sjóbúð/horfið
- 75 Naust hleðsla/sjóvarnagarður
- 76 Naust/Borgin/tóft/óljós.
- 77 Naust/tóft/óljós.
- 78 Naust/tóft/óljós.
- 79 Nýibær/hús /bústaður

Nöf 80-81

| | |
|------------|---|
| 80 | Nöf/torfbær/horfið |
| 81 | Nöf/brunnur/horfinn |
| 82 | Pakkhús |
| 83 | Poppverslun/horfin |
| 84 | Rafstöð/horfið |
| 85 | Skúrar/horfnir. Pöntunarskúrar/geymsluskúrar KASH |
| 86 | Skúr/horfið/óþekkt/Sláturhús |
| 87 | Síða/hús/timbur |
| 88 | Sláturhús/Gamla sláturhúsið/hús/horfið |
| 89 | Sjóbúð/torfbær/horfinn |
| 90 | Sjóbúðir/timburbyggingar/horfnar |
| 91 | Sjóbúð/hesthús/torfhús/horfið |
| 92 | Skúr/beitingaskúr/horfið |
| 93 | Skóli/þinghús/bókasafn/hús/horfið |
| 94 | Slippur/bryggja/horfin |
| 95 | Smiðja/horfin/Mannasmiðja |
| 96 | Sólvangur/heimili |
| 97 | Staðarbjörg/heimili |
| 98 | Sunnuhvoll /hús/heimili |
| 99 | Undirstöður/steyptar/bensíndæla og tankur |
| 100 | Undirstaða/ steipt olíutankur |
| 101 | Fljótamannavað |
| 102 | Grafarárvað |
| 103 | Varnargarður hleðsla |
| 104 | Varnarveggur hleðsla/varnarveggur |
| 105 | Vesturfarasetrið |
| 106 | Vilhelmsbúð/hús/verslun |

Þangstaðir 107-109

| | |
|------------|---------------------------|
| 107 | Þangstaðir/torfbær/horfið |
| 108 | Þangstaðir/brunnur/horfið |
| 109 | Þró/horfið/gorþró |
| 110 | Öskuhaugur/horfinn |

Niðurstöður.

Grafarós:

Verslun var í Grafarósi frá árinu 1835, en lagðist af árið 1915. Voru þá þau hús sem ennþá voru í Grafarósi rifin og viðurinn fluttur í Hofsós, m.a. í Hvassafell, Vilhelmsbúð, og hugsanlega í Baldurshaga/Sólvík. Þá er talið að húsið Sólvangur sé byggt að einhverju leiti úr viðum sem komu úr Grafarósi. Árið 1884 hafði Hótel Tindastóll verið flutt til Sauðárkróks. Undirstöður nokkurra húsa eru enn vel sýnilegar, og hefur verið hægt að þekkja og staðsetja húsin með hjálp ljósmynda og uppdráttu og í viðtölum við staðkunnuga.

L-laga hleðslur eru í um 1-3 metra fjarlægð frá undirstöðum og/eða tóftum, hafa myndað nokkurs konar umgjörð í kringum húsin, hugsanlega sem lóðamörk. Eftir að verslun flutti frá Grafarósi og byggð lagðist þar af, hafa verið byggð fjárhús á tóftum sem þar hafa verið, þar sem auðvelt hefur verið að fá hleðsluefni úr gömlu tóftunum. Aðkoman að Grafarósnum frá landi hefur verið eftir troðningi, sem liggur austan megin í Grafaróshöfðanum. Það er í dag auðvelt að fylgja götuslóða sem liggur upp að syðstu tóftunum, síðan verður hann öllu óljósari og engin ákveðin leið sem hægt er að fylgja.

Allar minjar sem eru á Grafaróshöfðanum eru friðlýstar samkvæmt Þjóðminjalögum frá 1964. (Í skrá. nr. 3-11).

Áður en komið er á Grafaróshöfðann eru tvær tóftir (nr. 1 og 2), undir brekku á mótí norðri, sem ekki teljast til höfðans, en hafa haft hlutverki að gegna í sambandi við útræði frá Grafarósnum. Þetta eru tóftir íshúss og Þjóðgeymslu. Það væri til athugunar hvort þessar tóftir ætti ekki að friðlýsa með þeim friðlýstu minjum, sem eru í Grafarósnum, þar sem þær hafa verið hluti af því samfélagi sem þar var.

Hofsós:

Í heimildum um ensku verslunina á Íslandi á 15. og 16 öld er Skagafjörður einn af þeim stöðum, sem nefndur er verslunarstaður, án þess að staðarnöfn í Skagafirði séu nefnd þar. Þjóðverjar ráku verslun í Skagafirði um aldamótin 1600 og fram eftir 17.öld. Þá var Hofsós orðinn aðalhöfnin. Þegar einokunin var lögleidd 1602-1787 var öllum Skagfirðingum gert skylt að versla á Hofsósi. Að því loknu, eða um 1788, kom Havsteensverslun á Hofsósi, sem varð til þess að verslun var komið á í Grafarósi.

Frá einokunartímanum og fram undir 1825 sóttu flestir Skagfirðingar verslun til Hofsós. Verslunarhús voru byggð í Plássinu við Hofsárósinn og þar hafi myndast kjarni verslunarinnar. Pakkhúsið stendur en og er friðað með lögum frá 1990. Á ljósmynd frá 1910-1914 á bls. 23 sést húsaskipan í kringum Pakkhúsið. Ef einhvert jarðrask verður á þessu svæði og nánasta umhverfi þess, verður það að fara fram í viðurvist fornleifafræðings, því þarna eru hugsanlega mannvistarleifar, sem gætu gefið vitneskju um forna búsetu- og verslunarhætti á Hofsósi.

Elsta húsið á Hofsósi er Pakkhúsið frá árinu 1772. Það er friðað og er í eigu Þjóðminjasafns Íslands. Ætla má að Vilhelmsbúð, sem áður stóð í Grafarósi, sé einnig með elstu húsum í Hofsósi. Það væri því áhugavert að bjarga því sem eftir er af henni, og verðugt verkefni til framkvæmda. Þá er húsið Brekka með elstu húsum, en það er byggt var 1890, og rétt við það er skúr/smíðaverkstæði sem var byggt um 1900. Nokkur hús eru byggð 1900, þar á meðal Jóngrund, ef eitthvað er eftir af upprunalegum viðum hússins,

Baldurshagi/Sólvík, og Sunnuhvoll. Naustakofi/Berlín er byggður 1900. Húsið Sólvangur er byggt 1902, hugsanlega með viðum úr húsum sem stóðu í Grafarósi. Þessi hús sem eru 100 ára gömul, nema Sólvangur sem verður það á næsta ári, teljast til fornleifa samkvæmt 16. gr. laga um skilgreiningu fornleifa. (sjá bls. 2-3), og eru þar með friðlýst.

Húsið Hvassafell, sem upphaflega stóð í Grafarós, en var flutt í Hofsós, hefur verið mikið endurnýjað, þannig að upphaflegu viðir hússins eru þar ekki lengur.

Hús sem ætti að gæta sérstaklega að og falla undir húsverndunarlög frá 1918 sem segja að ekki megi breyta þeim rífa eða flytja, nema að höfðu samráði við minjavörð eða húsfríðunarnefnd ríkisins, eru: Húsið Síða er byggt 1905, hefur sína upphaflegu viði þó þeir séu ekki sýnilegir vegna klæðningar. Vesturfarasetrið/Sandur sem byggt var 1912 og Staðarbjörg sem er frá 1917.

Þær tóftir sem enn eru sjáanlegar á skráningarsvæðinu eru flestar frá síðari hluta 19. aldar og byrjun 20. aldar, og hafa ekki mikið varðveislugildi, þar sem slíkar tóftir er að finna víða um land. Hvammkot sem getið er í heimildum frá 1709, gæti þá hafa verið byggt á sama stað og tóftir þær sem enn eru sýnilegar af Hvammkoti.

Það sama má segja um Naust sem er getið um í jarðabók frá 1709-1711.

Ef jarðrask verður við tóftir þessar ætti að taka tillit til þess, að þarna geta verið eldri mannvistarleifar

Allvíða í Hofsósi hafa verið brunnar til að ná úr neysluvatni, þeir eru nú flestir horfnir, en samt er hægt að finna nokkra ennþá, og er sá sem er norðan við Sand/Vesturfarasetrið einna best varðveittur. Aðrir sem enn er hægt er að finna eru eins og smá jarðsig, um einn metri í þvermál. Brunnar þessir voru hlaðnir að innan, og þótti vatnið í þeim vera gott þar sem jarðvegur í Hofsós er mjög sendinn. Það væri áhugavert að athuga þá nánar, ef jarðrask verður á þeim svæðum sem brunnar hafa verið.

Byggðin sem er á Brekkunni, og svæðið í kringum húsin Brekku, Jóngrund og Sunnuhvol og Nýjabæ ætti að fá að standa eins og hún er, sem sýnishorn af því byggðamynstri sem þessi hús mynda, Það ætti því ekki að leyfa nýbyggingar á þessu svæði nema mjög takmarkað og þá í nánú samráði við skipulags- og minjayfirvöld.



Staðsetning skráningarsvæðisins


Fylgiskjal 1

Grafafarós




Fylgiskjal 2


Hofsós – syðri hluti



Hofsós - nyrðri hluti




Hofsós, Plássið og þar um kring




Fylgiskjal 5

Brekka.



Fylgiskjal 6

Kaust.



Fylgiskjal 7